# ÖKUÞÓR

## Útgefandi:

Málfundafélag Hvammstanga.

VII árgangur

## Ritstjórn:

Magnús Þorleifsson, Guðm. Þ. Sigurgeirsson
Guðmundur Gunnarsson.

Hvammstanga
1931 – 1932

# EFNI:


| | | |
|---|---|---|
| Andsvar frá Kila | bls. | 54 |
| Athugasemd (M.Þ.) | bls. | 27 |
| Ávarp (M.Þ.) | " | 1 |
| Fís (Kvæði eftir 13) | " | 28 |
| Fullveldisdagurinn (Svarti Pétur) | " | 7 |
| Fullveldið á Hvammstanga (Keli) | " | 15 |
| Fyrirspurn til G.G. (Keli) | " | 34 |
| Fyrirspurn svarað. (Guðm. Gunnarsson) | " | 52 |
| Gripir Þórs. (Kvæði eftir Veturliða.) | " | 27 |
| Heimadæmi (Eftir ýmsa) | bls. | 27, 41, 42 |
| Heimskt er heima alið barn (Hreiðarheimski) | bls. | 28 |
| Hvammstanga-Kultur. (Hrosshársgrani) | " | 43 |
| Kreppan í Ásgarði. (X) | " | 2 |
| Lífið er fljótt að líða. (Kvæði 13) | " | 7 |
| Lygi (13) | " | 5 |
| Norður um Strandir (Karl Ingvar) | " | 19 |
| Núverandi Sjálfstæðisflokkur. (Vísa, Karl Ingvar) | " | 26 |
| Opið bréf. (13) | " | 25 |
| Siðmenning (Haukur frá Hamri) | " | 29 |
| Síldin og gengið (Húnbogi) | " | 13 |
| Svar við heimadæmi (M.Þ.) | " | 39 |
| Syndaflóð „Kommunista" (Húnbogi) | " | 3 |
| Til Húnboga, vísa (Karl Ingvar) | " | 26 |
| Um Framsóknarflokkinn, vísa (Húnbogi | " | 6 |
| Vísur (Karl Ingvar) | " | 7 |
| Þrettándadagskvöldið 1932 (Hinfjölur) | " | 35 |
| Öku-Þór, Kvæði (Veturliði) | | 33 |

# ÖKU-ÞÓR

Útgefandi
Málfundafélag Hvammstanga.

VII árg. | Desember 1931 | 1. blað

## Ávarp
### til lesenda Öku-Þórs.

– – – – –

Góðir félagar.

Öku-Þór hefur nú í sjöunda sinni ársgöngu sína meðal íbúa Hvammstangaborgar. Er það sennilega gleðiefni öllum þeim er á undanförnum fundum hafa oft og einatt látið í ljósi að þeim væri ant um útkomu blaðsins.

Auk þess sem margir félagsmenn hafa á undanfarandi fundum látið í ljósi mjög ákveðna ósk um að blaðið geti komið út nú í vetur sem undanfarna vetur síðan Málfundafélagið tók til starfa, hafa nú félagsmenn sinnig, með mesta og besta móti sýnt áhuga sinn í verki, með því að skrifa í blaðið. Verður vonandi um framhald að ræða í þessu efni nú í vetur, svo að hægt verði að gefa blaðið út á hverjum hálfum mánuði eða álíka oft og fundir verða haldnir í Málfundafélaginu.

Er það áríðandi, að sem flestir félagar skrifi eitthvað og þá helst hver um sín áhugamál. Með því móti og aðeins með því móti er hægt að vænta þess að blaðið geti orðið fjölbreytt að efni og skemmtilegt aflestrar, enda er það og beinlínis stefnumál félagsins að æfa menn í að skrifa um áhugamál sín og skoðanir.

Vonandi verður útkoma blaðsins ekki til þess að angra neinn eða styggja jafnvel þó að ekki væri örgrannt að raddir heyrðust á undanförnum fundum er ekki lýstu neinni velþóknun á Öku-Þór eða útgáfu hans, heldur virtust þvert á móti telja það réttmæta sparnaðarráðstöfun að selja blaðið ekki á vetur.

Um leið og Öku-Þór heilsar gömlum og nýjum félögum mælist hann til þess að fá að njóta vináttu þeirra og trausts í vetur, svo að þeir trúi honum fúslega fyrir ýmsu því er þeim kann að liggja á hjarta.

Ritstj.

# Kreppan
# í
# Ásgarði.

Ég var á gangi herna í miðbænum um daginn. Sá ég þá mann koma á móti mér. Hann var í þykkum yfirfrakka og í gúmmístigvélum. Hendur hafði hann í vösum og tottaði einhvern hvítan sivalning með miklum fjálgleik. Maðurinn heilsaði mér og kvaðst þurfa að tala við mig.

– Hvað heitir þú og hvað viltu? spurði ég önugur. Mér leist ekki þannig á manninn að ég mundi verða feginn komu hans.

– Ek heiti Þjalfi ok em ek skósveinn Öku-Þórs ens gamla, enn þat er örendi mitt at heita á þik til fullting[is] hánum. Er hann þrinar sollinn í hel ok hefti slíkt þott þinn mikil í þann tíma er víkingar hétu á hann til sjófara ok harðræða.

– Ágalegt er að heyra þetta, sagði ég. Og hvað er orðið af höfrum hans hinum góðu er stóðu heilir upp að morgni, þótt þeir væru étnir að kveldi?

– Hafrana hefir tekit þurs sá er Mammon heitir ok allra þursa er verstr viðreignar, hefir hann gjört sér búðarlokr ór hornum þeira, hefir hann ok gjört þat er verr gegnir, er hann náði hamrinum Mjölni megingjörðunum ok járngreipunum meðr fjölkyngi ok er þó ótalit þat versta en þat er at hann hefir sent flugumann til höfuðs Öku-Þórs þar sem hann liggr svá illa haldinn.

Ég leit á Þjálfa og sagði:

– Ekki veit ég hvort Öku-Þór hefur slíka þjónustu sem áður og ekki synist mér hvatleikur þinn jafn mikill og þegar þú barðist við Mökkurkálfa eða þegar þú þreyttir kapphlaup Huga í Útgarðaför ykkar Öku-Þórs, eða hvort er það Iðunnar epli, sem stendur út úr munni þínum?

– Þjálfi varð hálf illilegur á svipinn og sagði allhvast:

– Vita skalt þú þat fávíss maðr, at svá mikit er ríki Öku-Þórs, í Ásgarði at hann má kveðja Einherja til fullting[is] sér svá marga sem hánum þurfa þykkir at hverju sinni.



Mér fór ekki að lítast á blikuna; fannst Þjálfi satt að segja furðu illur viðfangs. Ég tók því þann kostinn að lofa öllu fögru hvað liðveislu snerti. Blíðkaðist Þjálfi nokkuð við það og gekk á burtu fyrir fullum „dampi“.

En sagan er ekki alveg búin. Mér hafði skilist á Þjálfa, að fyrst og fremst mundi Öku-Þór þurfa mat og hann tölu verðan, en þegar ég kom heim sá ég að búrið mitt var tómt og með því að aðflutningsbann er á öllu nema þann-aði þrátt fyrir það þótt Björn Guðmundsson vilji annað, þá verður lítið um efndir hjá mér.

Því vil ég skora á þá sem meiri eru búmenn eða ekgewisonenn á annan hátt að liðsinna nú Öku-Þór gamla. Því ég vona að flestir vilji að karlinn rétti við og fái kostgripi sína aftur.

Og þá mega jötnar og bergþursar vara sig!

X

## Syndaflóð Kommúnista.

Margt er það nú á dögum, sem við ber, er skýrir og gáfaðir menn fá eigi skilið eður útskýrt fyrir alþjóð svo að liði komi.–

Og svo er og um atburð þann er ég vildi lítillega minnast hér á, og færa í letur. –

Það var í þann tíð er skammdegismyrkrið grúfði yfir hug og haudri. Í smáþorpi einu á norðurhjara veraldar, þar sem nokkrir smábændur höfðu sín aðal viðskifti og fluttu sínar afurðir til og létu í skiftum fyrir erlendan varning, svo sem: Mjöl, tóbak, olíu o. fl. gerðust þeir atburðir er nú skal greina:

Það var til siðs í héraði þessu að bændur – sem óhætt er að fullyrða að eru hinir sinnu-bezmasta stétt hverrar þjóðar – höfðu sjálfir unnið að því að koma vörum sínum sem lengst áleiðis, fyrst og fremst með því, að gera þær markaðshæfar svo og með því að koma þeim í skip þau er fluttu þær á erlenda markaði: Það höfðu þeir og ætlað að þessu

en þá varð á vegi þeirra, það sem ég vil kalla „syndir annara" og þar riðu þeim að fullu.

Nokkrir menn, er um óratugi höfðu ekki viljað vinna ~~fyrir~~ það ~~framleiðslu~~ þeirra fyrir það gjald er bændurnir álitu sér fullgreitt með stóðu nú þessum á brautinni og sögðu: „Hingað og ekki lengra, góðir hálsar! Við tökum við vörum ykkar og tökum af þeim þann skatt, er okkur lýst, en þið getið hirt afganginn, ef einhver verður. Forréttindi áskiljum við okkur einnig, nú og síðar, sem eru í því fólgin, að við höfum fyllsta rétt til að ákveða skatt þenna, hversu hár skuli, en ætíð skal hann 1/4 hærri en þið takið fyrir svipað starf.

Bændur vildu ógjarna þýðast tilboð þetta í fyrstu, og var þá sett á þá svipan — bannsvipan — og þeim skipað að hlýða, ella yrðu vörur þeirra ónýtar, þar eð þær fengju hvergi í land að komast

Urðu þeir þá undan að síga og láta sér vel líka, að sleppa með óskemmda limi

Lék þá bros um hægri vanga Jónasar en tennur allar sáust glöggt í Sigurjóni. —

Það var og í þann mund er þetta skeði, að syndir annara urðu svo hamramar að saltkútar og fernisföt sem að öðru jöfnu hlýða hinu svokallaða „þyngdarlögmáli" og hafast ekki mikið að tóku á rás og leituðu þangað er helst var drykk að fá, en þá kom til sögunnar hinn draumspaki foringi og bað kútana að hafa hægt um sig, og röltu þeir þá í sitt forna ból og fóru að ráðum og fyrirsögn þess „spaka" sem margt annað.

Að síðustu: Athugið hvað er að gerast. Það þarf, ef til vill meira til en að heimta kauphækkun í Kaupfl. ofan. Ég vil halda ekki síður en skáldið:

„Að árferðið sem ei í horf
einhvern aftur knýji í hvarf"

Húnbogi



# Lygi.

Frá blautu barnsbeini heyrum vér sannleikanum hælt, en lyginni hallmælt. Frá blautu barnsbeini sjáum vér lygina notaða helga daga sem virka, en sannleikurinn ryðgar í ruslakistu þeirri, er vér nefnum sál. Sömu menn sem brýna fyrir oss að ástunda sannleik í breytni vorri nota lygina sem vopn í lífsbaráttunni. Og vér sjáum hina venjulegu mótsögn milli skoðana manna og breytni og fetum í fótspor þeirra, sem haga seglum eftir vindi og nota lygi og sannleik til skiftis, eftir því hvort heppilegra er fyrir álit þeirra og pyngju. Það er augljóst mál að lygin er langtum kraftmeiri til framkvæmda en erkióvinur hennar sannleikurinn. Æfing í því að nota lygi sér til aðstoðar er hverjum manni jafn nauðsynleg og matur og drykkur á meðan að núverandi þjóðskipulag er við líði.

Hver sú stofnun sem vill ná valdi yfir hugum manna tekur lygina í sína þjónustu. Vefur þann litla sannleiksneista sem hún hefur að færa fólkinu í svo þykkar lygaumbúðir að hann ber hvorki birtu né yl. Lygi er ekki annað en það, að lýsa hlutunum öðruvísi en þeir eru og fá aðra til að trúa þeirri lýsingu. Ef enginn hefði hag af því að fólk tryði lygi væri engin lygi til. Ef enginn hefði óhag af sannleikanum væri honum leyft að skjóta upp höfðinu, hegningarlaust.

Þjóðskipulag vort og trúarbrögð, uppeldi vort og umhverfi, allt beitir loddarabrögðum til þess að hafa áhrif á oss og gegnsýra hug manns og tilfinningar með þeirri algengu en afarhættulegu lygi, sem nefna mætti á fínu máli hagræðingu á sannleikanum. Vér getum ekki athugað neitt fyrirbrigði hins daglega lífs án þess að reka okkur á lygi í einhverri mynd. Almenn kurteisi

sem flestir hrósa er oft fín tegund af lygi. Maður hittir vin sinn og segir: Komdu sæll! Rífst síðan við hann og brixlar honum um allar þær vammir og skammir, sem einn auðvirðilegur mannsheili getur upphugsað réttir honum svo hendina og segir: Vertu sæll! en óskar þeim sama manni alls ófarnaðar með sjálfum sér. Ef vér gerumst svo djarfir að rísa gegn lyginni og ætlumst að lifa og starfa samkvæmt því er vér álítum sannleika megum vér jarða allar framavonir, lifa í eymd og basli, illa liðnir í þjóðfélaginu. Fyrr á tímum voru slíkir náungar teknir, bundnir á viðarköst og síðan kveikt í, en nú þykir slík aðferð ruddaleg. Vér hinir hagsýnu og mannúðlegu nútímamenn stingum svoleiðis piltum í fangelsi, ef þeir gerast stofnunum okkar og stefnum hættulegir og látum þá sitja úr sér hugarórana. Þið sem eruð að alast upp og drekkið í ykkur hugsjónir og aðra dellu, látið okkur í friði gömlu mennina, við höfum alist upp við ástandið eins og það er og viljum hafa það óbreytt. Það sem þið prédikið í dag sem mergjaðan sannleika reynist argasta lygi eftir nokkur ár. Það eru örlög mannkynsins að leita sífellt að sannleikanum, en það finnur hann aldrei sökum þess að fólkið þekkir hann ekki er það rekst á hann, — en álítur hann lygi af allra hættulegustu gerð, því þeir sem ráða stefnunni, varðmenn fólksins veraldlegir og andlegir hrópa: Varið ykkur börnin góð hér er hætta á ferðum. Og fólkið hlýðir foringjum sínum og heldur áfram hinni árangurslausu leit að sannleikanum með lífvörð lyginnar í fararbroddi.

13.

---

## Um Framsóknarflokkinn.

Lands í málum lygarokk
leiðist ekki að snúa
þeim óráðvendnis öfgaflokk
engin skyldi trúa

Húnbogi.



## Lífið er fljótt að líða.

Lífið er fljótt að líða
og lánshjólið ákaft snýst,
en fárlega fátt til gleði;
— og framhaldslíf ekki víst.

Gríptu því hverja gleði,
sem getur þér unað veitt.
Þótt syndugur sértu haldinn
það sakar þig ekki neitt

Lífið er fljótt að líða
þú labbar hinn stutta dag
með feigðina í förum þínum,
en framundan sólarlag.

13.

## Vísur.

Vinnur penninn vígi stór
vitska senn mun ráða:
Hvetur ennþá "Öku-Þór
unga menn til dáða

Engum seld skal ykkar hönd
— andinn heldur víða. —
Farið eldi um fjötruð lönd
fegurst veldi bíða.

Karl Ingvars.

## Fullveldisdagurinn.

Svo sem venja er orðin halda íslenskir borgarar nú í dag hátíðlegt afmæli fullveldis Íslands. Lúðrar verða þeyttir og bumbur barðar, étið og drukkið, dansað og sungið — allt til vegsemdar og dýrðar sjálfstæði landsins. Allt sem hugsast getur munu íslenskir borgarar gera, til að blása sjálfa sig og aðra út með heilögum sjálfstæðisanda. Enginn sparnaður mun í frammi hafður í því efni. Sakramenti þjóðarhrokans verður sennilega útdeilt með álíka mikilli rausn og örlæti eins og venja er til og vera ber á öðrum eins degi. Og trúarbrögð frelsis og fullveldis verða boðuð fálakum og óupplýstum lýðnum. Ræður verða haldnar, þeim til vegs og dýrðar sem unnið hafa að stjórnfrelsi landsins og sálmar og lofsöngvar sungnir guði þeim til vegsemdar, sem leiddi þjóðina gegnum margar þrautir út úr þrældómshúsinu, undan pólitískum yfirráðum og ánauð

Bannverjans. Með klökkum rómi og hrærðum hjörtum mun minnst verða mannsins er fyrstur skipaði æðsta valdasess innlendrar stjórnar hér á landi á þessari öld, þótt eigi væri Ísland þá enn orðið fullvalda ríki.

~~H.~~ Hugsjónamannsins og skáldsins lífsgleða og bjartsýna er kvað þetta meðal annars í ávarpi til ættjarðar sinnar um síðustu aldamót:

Sé eg í anda knörr og
vagna knúða
krafti, sem vannst úr
fossa þinna skrúða,
stritandi vélar, starfsmenn
glaða og prúða,
stjórnfrjálsa þjóð með
verslun eigin búða.

Reyndar eru stærstu fallvötn landsins ekki beisluð enn og engar fleytur ganga enn fyrir raforku við strendur landsins né heldur rafvagnar neinir um byggðir þess. Skáldið hefur því að öllum líkindum séð lengra fram en til þessa dags og horft framhjá tímabili eimskipa og bíla. Ef til vill hefur það líka gleymt hagsmunum Breta og Bandaríkjamanna, í svipinn að minsta kosti.

En blessaðar vélarnar eru nú að vísu komnar í þjónustu íslenskra atvinnuvega, þótt ekki þyki enn í stórum stíl. Þær hafa þó létt mörgum íslenskum borgara störfin og gert auðsöfnun hans auðveldari. Marga íslenska alþýðumenn til sjáfar og sveita eru þær líka að leysa frá störfum um lengri eða skemmri tíma og skilja þá eftir atvinnulausa. Er það óneitanlega drjúgt spor í áttina til aukinnar fullveldismenningar auðvaldsins. En skáldið minnist ekki neitt á atvinnuleysi og hefir því að líkindum annaðhvort ekki vitrast það eða þá láðst að telja það meðal þeirra hnossa er landið ætti í vændum.

Líklega hefur skáldið alls ekki séð neitt atvinnuleysi heldur aðeins glaða og prúða starfsmenn í sambandi við stritandi vélar og er engu líkara eftir orðum kvæðisins, en að gert sé ráð fyrir því að vélarnar verði til þess að létta oki stritsins af herðum verkalýðsins, án þess að svifta hann vinnu og lífsmögnleikum



heldur þvert á móti gefi þær honum kost á að njóta lífsins í fyllra mæli en nokkru sinni fyr. Þar hefir skáldið því séð rangt eða að minnsta kosti séð lengra fram en til þessa dags, því eins og allir sjá er vélbæknin í nútímans notuð gegn verkalýðnum en ekki í þágu hans hér á landi eins og annarstaðar í auðvaldsheiminum. Um stjórnfrjálsa þjóð verður vitanlega ekki talað í fullri alvöru á þessum tímum þegar erlent auðvald þrengir svo kosti þjóðarinnar að jafnvel efnaðir borgarar landsins þykjast vera áhyggjufullir út af ástandinu og reyna að koma sökinni af sér, sumpart hver á annan en sumpart og einna mest á verkalýðinn. En í gamni má vitanlega tala um það og ekki nema vorkunn þótt flaggað sé með því á fullveldisdaginn að þjóðin sé frjáls og fullvalda.

Um verslun eigin búða skulum við ætla að engin missýning hafi átt sér stað, þótt ekki sé lengra leitað en til nútímans. Innlent auðvald, ekki síst verslunarauðvald hefur færst hvað helst í aukana á þeim 30 árum sem liðin eru síðan þetta kvæði var ort. Og verslanir einstakra manna, hlutafélaga og samvinnufélaga hafa sprottið upp og þanist út eins og gorkúlur á hesthúshaug, svo að í þessu efni geta borgararnir verið hreyknir nú á 13 ára afmæli fullveldis Íslands. Hitt skiftir minna máli þótt varla verði annað séð, ef nokkuð er að marka barlóm þeirra manna, er verslun stunda, en að íslenskt verslunarauðvald sé nú á fallanda fæti og verði að láta í minni pokann fyrir öðru sterkara auðvaldi – bankaauðvaldinu. En við ætluðum nú einu sinni að tala um fullveldisdaginn og einungis um hann. Og við ætluðum að gleðjast yfir honum og miklast af honum. Við ætluðum alveg að skoða hlutina frá sjónarmiði borgaranna, af því að þessi virðulegi dagur er í dag. En skáldið kom þarna eins og skollinn úr sauðarleggnum – óbeðið, eins og skáld koma oftast – og fór með ~~okkur~~ okkur út frá efninu

eins og skáldin gera líka svo oft — en nú vísum við skáldinu á dyr; auðvitað með allri viðeigandi kurteisi — eins og vant er að vísa skáldum á dyr — og höldum áfram að tala um fullveldisdaginn.

Nú ríður á því að þessi dagur verði notaður sem allra best, til þess að minnast sjálfstæðis landsins, styrkja lýðinn í trúnni á fullveldi þess og viðhalda von hans um það, að allt verði gert til þess að vernda og varðveita þennan dýrgrip þjóðarinnar og glata honum ekki á ný. Er það og víst að öll menningartæki borgaranna verða tekin í þjónustu þessarar þarfar. Skólar og skemtistaðir, sími og útvarp, blöð og bíó — Allt verður deginum helgað. Þó að borgararnir beri sí og æ þarfir alþýðunnar fyrir brjósti er víst alveg óhætt að treysta því, að þeir gefi sér tíma til þess að verja þessum eina degi ársins til þess að styrkja sig í trúnni á sjálfa sig og fullveldið, þjóðskipulagið og auðvaldið. Enda veitir þeim víst ekki af. Hvernig ættu þeir að geta haldið öðrum við trúna ef þeir skeyta ekki um að varðveita hana sjálfir eða gefa sér ekki tíma til þess? Og hvernig í ósköpunum ætti alþýðan að komast af ef hún tryði ekki statt og stöðugt á allt þetta: Fullvalda þjóðfélag borgaranna, réttlæti kúgunarinnar og forsjón auðvaldsins?

Og nú erum við einmitt komin að því stóra atriði sem ekki verður komist hjá að drepa nokkuð á nú á þessum mikla og merkilega degi. En það eru mennirnir sem ekki trúa. Að hugsa sér, hvað það er sárgrætilegt að til skuli vera menn, sem ekki trúa statt og stöðugt á borgaralegt þjóðfélag og réttlæti þess og það þrátt fyrir alla borgaralega fræðslu sem fólki er veitt. Hvað það er gremjulegt að vita til þess að nokkur maður skuli vera svo vanþakklátur að láta sér fátt um finnast fullveldi landsins. Að þeir skuli leyfa sér að mögla um það, að lítið hafi oss stoðað að komast úr klóm Baunverjans úr því að við höfum endilega orðið að lenda í gini breska ljónsins, og gefa svo



borgurunum sök á þessu. Þeir hafa þó allt af farið með vandamál þjóðarinnar en skrílinn ekki!! Enda má nærri geta hvaða vit óupplýstur verkalýður, fólkið sem skömmtuð hefur verið öll fræðsla úr hnefa borgaranna muni hafa á þjóðmálum. Og hvaða tíma ætli alþýðan hafi til að hugsa um þessi mál? Verkamönnunum er líklega skammarnær að hugsa um að bjarga sér og sínum heldur en að braska við að öðlast þekkingu á þesshattar málum.

Borgurunum sjálfum gengur meira að segja fullilla að skilja þetta og hafa þeir þó betri tíma og meiri mentun heldur en alþýðan. Að minnsta kosti kemur þeim aldrei saman um landsmál. Það er þessvegna sýnilegt að það er algerlega vonlaust fyrir verkamenn að reyna að öðlast rétta <u>skoðun</u> á þessum efnum. Þeir verða að lifa í <u>trú</u> og varpa áhyggjum sínum á borgarana — þeir bregðast ekki. Að minnsta kosti ekki nema að eitthvað reyni á.

Þó kastar tólfunum þegar þessir villutrúarmenn eða réttara sagt <u>vantrúarmenn</u> gera samanburð á þessum degi og nýafstöðnum hátíðahöldum austur í löndum. Fyrr má nú rota en dauðrota. Í fyrsta lagi liggur það landráðum næst, hversu gálauslega þessir menn tala um helgustu tilfinningamál borgaranna ættjörðina og fullveldið. Að þeir skuli leyfa sér að gera gys að fullveldi okkar Íslendinga og segja að Rússar séu eina fullvalda þjóðin í heiminum eins og sagt er að þeir geri. Eða að hugsa sér annað eins og það, að halda því fram að öreigarnir, eins og þeir kalla sig, eigi ekkert föðurland. Hafa þessir menn þá ekki fæðst hér á landi? Eða sú ósvífni að segja að borgararnir hafi rænt þá þessu landi. Hafa þeir ekki alist uppi í landinu? Því þó að kjörin hafi stundum verið þröng, vegna þess að foreldrarnir voru fátæklingsræflar sem ekki kunnu að bjarga sér, þá geta borgararnir auðvitað ekkert að því gert.

Í öðru lagi nær það engri átt að bera Ísland saman við Rússland í þessu efni því þó að bæði löndin séu bygð menskum mönnum og þó að

íbúar beggja landa verði að lifa á því er þeir fá framleytt úr skauti náttúrunnar hver í sínu landi, þó að bæði löndin séu auðug af náttúrugæðum og lífsmöguleikum hvert á sinn hátt, þó að báðar þjóðir séu nú að kasta frá sér frumrænum háttum í atvinnurekstri og taka upp nýtísku stórfyrirtæki og vélaiðju og jafnvel þó að íslenskur verkalýður sé ef til vill allt eins vel upp alinn eins vel mentaður og eins starfshæfur að eðlisfari eins og rússneskur verkalýður, þá er þó Ísland aldrei annað en Ísland og Rússland aldrei annað en Rússland. Þessvegna er það ofur heimskulegt af íslenskum verkalýð að láta ginna sig til þess að flækjast austur um allt Rússland til þess að sjá uppbygging verkamannaríkisins þar. Því hvað sem hann kann að sjá og heyra þá kemur honum það vitanlega ekkert við. Svo má líka búast við öllu illu af annari eins þjóð eins og Rússum. Það getur jafnvel verið að bolsarnir þar austur frá sýni eitt og annað sem alls ekki er til.

Nei, við skulum óhikað trúa og treysta íslenskum borgurum og þjóðmálaspeki þeirra. Okkur er öldungis óhætt að fara eftir leiðsögu þeirra við kosningar og önnur pólitísk vandamál. Við megum alls ekkert mark taka á því þótt einhverjir oflátungsafglapar, sem aldrei hafa leyst neinn vandamál af hendi á sviði íslenskra stjórnmála né komið nærri rekstri fyrirtækja vaði elginn um það að ráðandi menn þjóðarinnar séu að sigla öllu atvinnulífi þjóðarinnar í strand með fjárglæfrum og sukki. Og þó að skútan hallist, þá skulum við bara bíða og sjá hvað setur; það flýtur þó á meðan ekki sekkur.

Og jafnvel þó að verkalýður og bændaskríll svelti og borgararnir hafi full hús matar þá er rangt að æsa upp öfund gegn þeim eða mögla móti föðurlegri forsjón þeirra þó hún á þennan hátt hegni fátæklingunum fyrir það að þeir áti sig stundum sadda þegar þeir höfðu eitthvað til.

Og þó að gnægð fiskjar sé



á öllum fiskimiðum en skipin liggi ónotuð og bundin við bakkana eða séu dregin á land, þá má ekki hvetja sjómennina til að snerta þau.

Átti útgerðarmennirnir fari ekki nærri um hvenær það muni borga sig að gera út á veiðar? Eða er hægt að búast við að sjómennirnir, sem aldrei hafa stjórnað fyrirtæki geti rekið útgerð með hagnaði, þegar menn með margra ára reynslu sjá sér það ekki fært?

"Öðru máli er að gegna ef að sjómenn vilja taka skipin á leigu!!!

Ég er nú búinn að ergja mig allt of lengi á því að hugsa um þetta vanþakkláta fólk, en ég treysti íslenskum borgurum, til að láta ekki þessa menn spilla átrúnum þessa merkilega dags. Sérstaklega vil ég vænta þess að þeir, sem standa munu fyrir skemtunum hér á staðnum í kvöld, því eflaust verða einhverjir til þess, sjái um að ekki verði neinir af þessum æsingamönnum sem kalla sig verklýðssinna, bolsévika og ég veit ekki hvað og hvað látnir fá færi á að spilla helgi dagsins.

Íslenska fullveldið lifi!

Hvammstanga 1. Dec. 1931

Svarti Pétur.

---

## „Súðin" og gengið.

Nú undanfarna daga hefur mönnum orðið tíðrætt um „Súðina", strandferðaskip „Ríkissjóðsryðkláf" stjórnarinnar eins og sumir hafa nefnt hana, en allt slíkt orðagjálfur hefur víst lítið flýtt ferðum hennar. Því, enn eru karlarnir tóbakslausir og kerlingarnar kaffilausar. —

En nú er fundin ástæðan fyrir því hversu seint henni hefur sóttst róðurinn, í þessari síðustu ferð hennar kringum land á þessu ári — það hvað vera stjórnarráðstöfun. — Skipstjóra hefir verið lagt á herðar að sigla svo varlega að hvergi saki, því að aflokinni ferðinni hve eiga að selja skipið til Síríþjóðar, til að laga gengið. —

Framsókn gleymdi að skýra í tíma, og Tíminn reyndist þar, sem annarstaðar miður

samvögull, en hélt því að þjóðinni, að það væri mál málanna þetta margjaplaða gengismál.

En „Framsókn“ hefur gleymt fleiru. — Hún hefur gleymt öll þau ár sem hún hefur farið með völd, að létta undir með bændunum. — Enska lánið átti að verða til þess, en var notað til að greiða hin svokölluðu bráðabirgðalán, er ríkisstjórnin hafði tekið og eytt með sínum venjulega dugnaði á því sviði. Nokkuð af því fór til viðhalds á S. Í. S. og nokkuð til að rétta við hag Kaupfélags Eyfirðinga, sem eigi áleitst fært um að gefa út minningarrit sitt og fékk því ríkisstjórnina til þess að gefa það út fyrir almannafé.

Síðustu aurarnir voru svo afhentir Búnaðarbankanum, en svo voru þeir orðnir fáir, að bústofnslánadeildin, sem hefði getað orðið mikill fengur fyrir bændur landsins, hefur ekki getað tekið til starfa ennþá.

Því hafði „Framsókn“ lofað að létta af sköttum. — Það gleymdist nú ekki; því á fyrsta þingi er hún fór með völd hækkaði hún því um 1 miljón Kr. á ári. — Síðan hefur sá baggi hvílt á þjóðinni og mun hvíla, á meðan óvitar þessir fara með mál íslensku þjóðarinnar.

Það eina, sem þessi óstjórn hefur lagt rækt við er að bera sem mest og best af því fé, er henni hefur verið trúað fyrir á jötu þeirra manna er hafa lagst svo lágt, að gerast hennar áhangendur.

Gengisleysi þeirrar þjóðar sem hefur verið svo ólánssöm að gera slíka menn er svo ráðska sem að framan er lýst, að sínum forráðamönnum er mikið, það er svo mikið að það verður alls eigi með tölum talið eða tírum talt, það er í einu orði sagt þjóðar-óhamingja.

Og hún verður að eins bætt á einn hátt að við tökum okkur Englendinga til fyrirmyndar, að við tökum ensku kosningaúrslitin okkur til fyrirmyndar og sópum þeim



út úr þingsal þjóðarinnar og látum þá þangað aldrei afturkvæmt eiga að eilífu. —

Munum það, yngri sem eldri. — Munum fyrri eymd og volæði íslensku þjóðarinnar. — Spyrnum fæti við og lendum ekki í því sama sem forfeður vorir áttu við að búa fyrr á tímum. —

Kæru félagar! Athugið stefnu ykkar, athugið hana í sambandi við velferð og hag þjóðarinnar allrar. — Þegar þjóðinni er borgið þá er einstaklingnum vís vegur til velferðar. — Allt fyrir Ísland.

Guðm. Gunnarsson.

## Fullveldisdagurinn á Hvammstanga.

Eftir KELA.

Eftir að við höfum heyrt í Útvarpinu skýrt frá hátíðahöldum um þann 1. Dec. sl. á ýmsum meiri háttar stöðum þessa lands getum við ekki annað en verið hálfgramir við fréttaritara Útvarpsins hér, að hann skuli ekki ennþá vera farinn að láta það flytja fregnir af hátíðahöldum þeim eða viðhöfn þeirri, sem hér varð á Hvammstanga þennan áðurnefnda dag. Við getum nfl. hreint ekki séð að þau hafi á nokkurn hátt verið ómerkilegri en á öðrum stöðum t. d. Blönduósi og Reykjavík. Er þó enginn kvennaskóli hér eins og á báðum þessum stöðum, en eins og allir vita, punta þeir mjög mikið upp á alla jarðneska dýrð. Úti frá mega menn halda, að Hvammstangabúar hafi bara ekki gert neitt til að gera daginn hátíðlegan og teljum vér illa farið, ef vér þurfum

lengi að búa við það álit. Því
þó á krepputímum sé, þá erum
vér hér ekki í neinni andlegri
kreppu og spörum ekkert á
því sviði fremur en öðrum.
Ætlun vor með þessum lín-
um er sú, að gefa stutt
yfirlit yfir hátíðahöldin
hér þennan dag. Ein-
hverju kann þó að verða
sleppt, því af gildum
ástæðum gátum vér ekki
fylgst vel með eftir að
dansinn stóð sem hæst.
Sagan hefst á því
að dag þennan var aug-
lýst að erindi yrði flutt
og eitthvað upplesið kl. 8
að kveldi í samkomuhús-
inu. Og sjá! Strax og klukk-
an sló kók fólk að streyma
að stóra húsinu, inn í
salinn, setjast og bíða
eins og venja er. Salur-
inn var prýðilega lýstur
með tveim olíulömpum og
logaði á báðum mætavel.
Alltaf hélt fólkið áfram
að troðast inn; alltaf
urðu fleiri og fleiri sem
biðu. Enginn vissi í raun
og veru hvað mundi þarna
verða gert, en allir voru
fullir eftirvæntingar. Loks

eftir drykklanga stund
reis maður einn á fætur
úr fremsta bekk og hóf
göngu sína inn salar-
gólf. Reykti hann sígar-
ettu og horfði hátt. Vér
sperrtum bæði augu og
eyru því nú átti víst
fyrsti þáttur að byrja.
Að vísu heyrðum vér mann-
inn segja að hann ætlaði
að fara og skoða ræðu-
stólinn — en það gat
líka tilheyrt hátíða-
höldunum. Maðurinn
stjáklaði nokkrum sinn-
um kringum ræðustólinn
(þennan sem Ólafur
Gíslason smíðaði í vor)
og minnti áheyrendur á
þann dag er hann varð
svo frægur að stíga í
þennan stólinn ásamt
Sigga Gríms, Héðni og
Björgvin svo einhverjir
séu nefndir af handahófi.
Ræðan var ekki lengri og
hvarf ræðumaður til sætis
síns aftur.
Einhver fór að tala um að
nú yrði hann að fara heim
til að sinna kúnum, því
að enginn hátíðisdagur
væri hjá þeim. Þær hefðu



sínar þarfir í báða enda
í dag sem aðra daga.
Þá steig einn ungur
maður í stólinn og hóf
ræðu sína. Því miður fór
hún að allmiklu leyti
fyrir ofan garð og neðan
hjá oss, en hún var á
þá leið að þessi sam-
koma væri tilraun til
þess að minnast þessa
merkilega dags á líkan
hátt og annarsstaðar og
að hann vildi ekki láta
sitt eftir liggja til að
auka á þau hátíðahöld
sem þarna ættu fram að
fara. Fannst oss þetta
vera það besta sem þarna
var sagt og alveg óþarfi
af ræðumanni að vera svo
hógvær sem hann var
og afsaka sig svona mik-
ið eins og hann gerði.
Stóð ræðan yfir allfáar
mínútur og var ræðum.
þakkað með dynjandi
lófataki
Stigu þá tveir aðrir í
stólinn og fluttu kvæði
eftir tvö ágætisskáld
vor. Voru þeir mjög hóg-
værir og afsökuðu sig
sem best þeir kunnu.

Tökum vér vitanlega allar
afsakanir þeirra fullgildar.
Annar afsakaði það að hann
hefði ekki haft nema eitt
korter til undirbúnings
þ. e. tæplega helming þess
tíma er áheyrendur biðu
eftir byrjuninni.
Hinn afsakaði það sér-
staklega að hann kæmi
hingað í hversdagsklæð-
um. Fannst oss það
ekki taka nokkru tali
að afsaka slíkt, því vér
gátum ekki tekið þetta
öðruvísi en þannig að
maðurinn hefði verið svo
ákafur í að koma þarna
fram og gera daginn
hátíðlegan að hann hafi
blátt áfram gleymt að
hafa fataskifti, og því
vitanlega ekki komið
til hugar að hátíðin
dragi neinn dám af
hversdagsfötunum.
Vér viljum nú segja þess-
um sama manni að
svoddan gleymska er alls
ekki ný. Einu sinni kom
t. d. maður ofan af Akra-
nesi til Reykjavíkur rétt
fyrir jólin og lét gifta
sig. Það var regn og dá-

litill sjógangur og hjóna-efnin fóru sjóveg. Brúðguminn var þessvegna bara í mórauðum Álafossbuxum á leiðinni en hafði spari-buxurnar niðri í tösku. En þegar til Reykjavíkur kom þá gleymdi hann að hafa buxnaskifti og lét gifta sig í mórauðu buxunum. Þetta var þó ekki mikið hjá því, sem skeði vestur á landi einu sinni. Þar gleymdi brúðguminn að taka brúðar-efnið með til hjónavíxl-unnar. Vér förum þennan útúrdúr til að sýna hve auðveldlega menn geta gleymt sér þegar mikill áhugi er á ferðinni.

Annars finnst oss þessar afsakanir á klæðaburði ræðumanna vera alveg óþarfar og stundum meira að segja alveg óviðeigandi. Viljum vér í því sambandi minna á það er ræðumaður fór að afsaka það á lands-málafundi hér í vor, að hann stigi í stólinn í bláum jakka. Blái jakkinn var aðfinnanlegur, mönnum sýndist hann meira að segja nýr. A. m. k. þóttist enginn hafa séð ræðumann í honum fyr bæ að það var svo sem ekki mikið að afsaka. –

Ýmislegt fleira afsakaði ~~fleira afsakaði~~ þessi fyr umgetni upplesari, sem vér hirðum ekki að nefna hér og erum enda búnir að gleyma að því undan-skildu að hann bað velvirðingar á því að hafa stigið í þennan virðulega ræðustól. Slíkt fannst oss óþarft, því ræðustóllinn var ekki í neinum hátíðabún-ingi í þetta sinn. Hann var ómálaður eins og menn muna.

Að þessu lokum hófst dans sem stiginn var fram á nótt, en fjöldi manna tók ekki þátt í honum, enda fannst oss fullveldisins nægilega minnst með því sem á undan var farið.

# ÖKU-FÖR

Útgefandi:
Málfundafélag Hvammstanga.

VII árg. | Janúar 1932 | 2. blað

## Norður um strandir.

Í þann tíma er Íhalds-flokkurinn eða sparnaðar-bandalagið og núverandi Sjálfstæðisflokkur réði ríkjum á Íslandi var stofnað útgerðarfélag á Hvammstanga undir forystu hæstvirts kaupmanns Sig. Pálmasonar

Þetta nýja félag hóf starf sitt með því að kaupa eitt vélskip frá Noregi 7 smál. að stærð og smíðað úr forskr lindítré. En svo fjöður var á þessum kaupum að vélin sem keyra átti skipið var svo lítil að ógerlegt var að fara nokkuð út fyrir – nema í logni. Og sökum þess að eigendurnir voru atgjörvis og áhugamenn og ekki Íhaldssamir allir, fundu þeir að slíkt gat ekki gengið og hér þurfti að gjöra að-gerða. En rétt í þeim svifum fengu Strandamenn pata af þessum vandræðum út-gerðarfélagsins á Hvammstanga, – því Strandamenn eru fjöl-kunnugir eins og Guðm. Hlíðdal – og þeir buðu félaginu véla-ferlíkan eitt fyrir lækkað verð. Nú var sjálfsagt að yfirlíta þetta tilboð og ráða það og út-koman á þeim athugunum var sú, að senda skyldi vél-stjóra, sem var Snæbjörn Guð-mundsson, en ekki Gísli, norður til að skoða gripinn, reyna um vertíð og kaupa ef honum þætti girnilegur. En þar sem þetta er löng leið og hættuleg réði Snæbjörn sér fylgdarmann og hlaut ég það embætti.

Einn góðviðrisdag í Aprílm. lögðum við af stað, nestislausir en með nýja skó. Við fórum sjóveg yfir Miðfjörð og svo gangandi yfir Hrútafjarðarháls að Bálkastöðum. Þar gistum við. Morguninn eftir vorum við fluttir yfir Hrútafjörð í Borðeyri og þá höfum við

göngu norður á bóginn. Fyrsti
bær, sem við komum á í Stranda-
sýslu var Guðlaugsvík. Þar bjó
Ragúel hann er nú dauður.
Við keyptum mat í Guðlaugs-
vík, það kostaði 1 kr. fyrir hvorn.
Þaðan gengum við yfir fjall
eitt bratt mjög sem heitir
Guðlaugshöfði og dregur nafn
sitt af manni sem hljóp
þar fram af hömrum og fyrt-
ist. Að norðanverðu við Guð-
laugshöfða er Bitrufjörður.
Þaðan er Guðjón. Þar komum
við að bæ sem heitir Þambár-
vellir og fengum þaðan flutn-
ing yfir fjörðinn. Það þurftum
við ekki að borga, því við
sýndum ferjumönnunum
aðeins svo verðháa seðla, að
þeir gátu ekki skift við okkur
en fóru slippir. Norðanmegin
Bitrufjarðar stendur bærinn
Gróf. Þangað fórum við heim
og fengum kaffi en á meðan
við biðum eftir því skemti
okkur með viðræðum sínum
maður að nafni Sigurður.
Meðal annars sagði hann
okkur frá sinni virðulegu
stöðu í ~~fjörð~~ félaginu, sem
hann kvaðst vera búinn að
gegna í hálfan annan manns-
aldur. Hann er nefnilega

hundakóngur í Strandasýslu
og miklu fegri en Pétur.
Laust eftir hádegi lögðum
við á stað frá Gróf yfir Ennis-
slíga hann er breiður og
verri yfirferðar en Guðlaugs-
höfði. Eftir tveggja tíma erfiðan
gang komum við ofan að Kolla-
firði. Í þann fjörð gengur
aldrei fiskur og í honum
drukknar ekki maður. Það
eru álög. Við félagar héldum
út með firðinum að vestan
þá var nýlega brunnið á
Kollafjarðarnesi. Við stönsuðum
litla stund á brunarústunum
tók þá að dimma af nótt. Maður
einn var á gangi þarna og apti
að fé. Við spurðum hann hvað
langt væri að Smáhömrum við
Steingrímsfjörð og sagði hann
það rúlegan kl.tíma gang frá
Kollafjarðarnesi. Okkur þótti
vænt um að heyra að það
væri ekki lengra, því við
vorum orðnir þreyttir og
ætluðum að gista á Smá-
hömrum. Þar var nefnilega
stúlka sem við þekktum
báðir, og við vonuðum að
fá að sjá hana þar. Eg
meina þannig að við þyrftum
ekki að borga nætur-
greiðann. En mikið lang



hann að okkur þessi mann-
fjandi þarna á bruna-
rústunum. Þó við gengjum
eins og séra Sigurður leið
kl.tíma án þess við eygð-
um Smáhamra og annar
kl.tími var liðinn þegar
við náðum fyrirheitna
landinu. Okkur var vel
tekið á Smáhömrum og
urðum við ekki fyrir neinum
vonbrigðum hvað það snerti.
Okkur var vísað til sængur í
gestastofu og áttum að sofa í
sama rúmi.
Eg háttaði fyrir ofan Snæ-
björn og dæmdist því á
hann að slökka á lampa
sem stóð á borði nálægt
rúminu. Við sofnuðum
fljótlega. Mig dreymdi ýmis-
legt og ekki vel. Allt í
einu fannst mér í svefn-
inum eitthvað kalt koma
við hálsinn á mér og eg
vaknaði. En viti þið hvað!
Þá var glaðaljós í stofunni,
eg sit uppi í rúminu
með logandi lampann í
annari hendi en er að láta
glasið á hann með hinni. Eg
var sem þrumu lostinn af
undrun, slíkt hafði aldrei
komið fyrir mig áður og hefir

ekki skeð síðan að eg breyti
mig yfirleitt neitt í svefni.
Snæbjörn svaf alltaf og hef
eg þó orðið að klifra yfir
hann, til að ná í lampann.
Eg lét nú lampann aftur á
borðið, slökkti ljósið og lagðist
út af, en gat ekki sofnað
hugsunin um þetta einkenni-
lega atvik hélt fyrir mér
vöku, það sem eftir var
nætur. Þegar Snæbjörn
vaknaði sagði eg honum
hvað fyrir mig hafði komið
hann hló að en þótti þó
merkilegt. Þegar eg var að
klæða mig tók eg eftir
olíubletti í koddanum
mínum, hvernig hann hefði
komið vissi eg ekki. Eg sneri
koddanum við svo olíu-
hliðin vissi niður, til
þess að ekki yrði eftir
tekið fyrr en við værum
farnir.
Veðrið var yndislegt um
morguninn. Smáhamrar
standa við Steingríms-
fjörð sunnanverðan, er
töluvert víðsýnt þaðan
og fremur fallegt. Aðdýpi
er þar mikið við landið
eins og víðar með Strönd-
um ~~svo~~ hákarl og þorskur

fast þar við fjöruborðið. Við fengum flutning yfir fjörðinn að Drangsnesi. Þar fór Flygenring á höfuðið. Þaðan gengum við yfir lágan háls, sem heitir Bjarnarnes og komum ofan að Kaldrananesi við Bjarnarfjörð. Þáðum þar kaffi en borguðum ekki neitt. Þar fengum við einnig án endurgjalds far yfir fjörðinn. Nú fór landið að verða minna vegskorið, en illa vegað og oft urðum við að ganga fjöruna, því svo er snarbratt þar norður. Ferðinni var heitið að Reykjum þenna dag. Það er auðvitað mjög þægileg dagleið frá Drangsnesi, en okkur var sagt að annaðhvort yrðum við að gista þar eða þá ekki fyrr en í Reykjarfirði, því þar á milli væri svo illa byggt á bæjum að ógerlegt væri að hýsa þar menn nema í lífsnauðsyn. Þegar við félagar vorum komnir norður undir Reykjar, sáum við ferlíki eitt á fjörunni framundan. Ýmsar hugmyndir létum við í ljósi um hvað þetta væri, en hvorugur átti kollgátuna. Þegar við komum að þessu rekaldi þóttumst við sjá af þekkingu okkar og vitsmunum hverskyns var; þetta var — tundurdufl. Út úr því í þéttum röðum stóðu sprengitakkar, sem við þorðum lítið að eiga við, en okkur langaði til að sjá óvættinn springa, en vissum ekki hvernig það mætti verða án þess að við værum sjálfir í hættu. Allt í einu kom okkur snjallræði í hug: Við gengum nokkur skref frá duflinu og fórum að henda í það steinum. En til allrar hamingju eða óhamingju kviknaði ekki í tundrinu því ef svo hefði orðið, værum við Snæbjörn ekki í lifenda tölu, svo nálægt stóðum við og gættum einskis þá, fyrir ákafanum að hitta á réttan stað. Jæja, helvítis tundurduflið sprakk ekki. Það var ónýtt.

Í rökkursbyrjun komum við að Reykjum. Þar er vel húsað og höfðinglegt. Páll heitir bóndinn þar, gestrisinn og greindur maður. Hann talaði mikið um stjórnmál og hallaði mjög á þáverandi ríkisstjórn, en hnýtti fast í Tryggva. — Frá Reykjum sést lítið út á Húnaflóa fyrir skerjum og eyjunum sem bærinn dregur nafn sitt



af. Höfn er góð upp við landið fyrir lítil skip, en mjög vandratað inn á hana. Okkur félögum sofnaðist vel í húsum Páls bónda og bar ekki til tíðinda. Ekki fengum við að borga gisting eða greiðagerðir á Reykjum frekar en annarsstaðar á Ströndum.

Snemma næsta morgun héldum við áfram ferðinni. Fór nú að gerast hrikalegt landslag og strjálbyggt. Það sáum við að ekki hafði verið logið að okkur með húsakynni norður þar. T.d. komum við á einum bæ, Kaldbaksvík, enginn maður var úti; en það hefði ekki gert svo mikið til ef við hefðum getað séð hvernig við skyldum gera vart við okkur. Við gengum allt í kring um kofana, gluggar voru ekki sjáanlegir fyrir grasi, nokkrar dyr fundum við, en allar svo lágar að þær tóku okkur aðeins í mjöðm og skornhaugar fyrir þeim nema einum, fyrir utan þær dyr var hlandforarpollur. Þar knúðum við hurð. Eftir stundarbið var gengið til dyra og út kom stúlka 18-20 ára gömul. Ég hef nú bæði fyr og síðar séð eins og jafnvel gjörfulegri stúlkur en þessa, en mér hefir aldrei brugðið meira við að sjá einn kvenmann en í þetta skifti og það var af þeirri ástæðu, að ég átti ekki von á neinni æskufegurð út úr öðru eins greni og hér var. Ef til dyra hefði komið skinin og skorpin kerling dúðuð í pokadruslum hefði mér fundist það frekar hæfa húsakynnunum. Og álíka held ég að Snæbirni hafi farið. Við heilsuðum nú stúlkunni og báðum hana að gefa okkur að drekka. Hún fór inn og kom að vörmu spori aftur með fulla mjólkurskönnu og og glös á bakka og með þessa byrði stiklaði hún yfir skólpvatnið við dyrnar og út á hlaðið til okkar. Á meðan við drukkum mjólkina horfði hún rannsakandi á okkur stórum sakleysislegum augum, ólíkir gestir, hálfspjátrungslegir eins og við Snæbjörn hafa víst verið sjaldséðir á hennar heimili. Er við

höfðum drukkið lyst okkar
kvöldum við þessa Kaldbaks-
dís með klökkum hug, en
gleymdum að bjóða Korgum
fyrir mjólkina aldrei þessu
vant.

Oft sóttist okkur ferðin
seint út með fjöllunum,
sumstaðar urðum við að fara
yfir Kletta, sem ofir gengur
yfir þegar brim er, í einum
stað er þó verst. Það er
kallað Veiðileysuáfoxa.
Um hana skrifaði Tryggvi
Þórhallsson í Tímanum fyrir
nokkrum árum, er hann
hafði verið á pólitískri
yfirreið um Strandir.
Veiðileysufjörður er stuttur og
gengum við inn fyrir hann.
Bærinn Veiðileysa stendur
vestanvert við fjörðinn,
þar komum við og þurftum
ekki að líta bæjardyrnar,
því sjö efldir karlar
stóðu úti er við gengum
í hlaðið. Þar fengum við
skyr að borða og svo kaffi
og kökur á eftir um ennað
var ekki að tala. Frá Veiði-
leysu fórum við fjallveg
til Reykjarfjarðar og er
afarbratt þar yfir, fengum
við ónotalega að kenna á

því eftir skyrátið, sérstak-
lega blés Snæbjörn hátt og
mikið en fullri heilsu
héldum við báðir. Loks
náðum við efsta og örðug-
asta hjallanum og hallaði
þá fljótlega norður af ofan
að húsunum við Reykjar-
fjörð. Er þangað kom fórum
við strax á símstöðina
þá nyrðstu á Ströndum og
sendum skeyti heim um
góða líðan. Símstjórinn
heitir Ólafur Thorarensen
frændi Jakobs og er þann
veg háttað að hann þegir
aldrei, það er honum með-
fætt en ekki vani og þegar
hann talar er hálstauið
hans allt á hreyfingu,
því auðvitað er hann með
hálstau og nokkur þver-
bindi. Kona Ólafs ber
höfuð og brjóst yfir mann
sinn. Hún klæðist mest
sér í síðar samkvæmis
buxur, þar utan yfir í
köflóttum kjól og yst
nokkuð hún græna stutt-
treyju. Thorarensen útveg-
aði okkur bát yfir fjörð-
inn að Naustavík. Þaðan
héldum við yfir Göngu-
mannaskarð norður í



Trékyllisvík. Þar nam Tim-
bur inn rammi land er
hann þoldi ekki við í Húna-
þingi fyrir ofríki Vatns-
dæla.

Bær stendur í Trékyllis-
vík, sem Árnes heitir,
þangað fórum við félagar.
Bóndinn þar er son Sveins
föður Jónasar. Presturinn tók
vel á móti okkur og er
heimili hans í alla staði
myndarlegt. Þar hittum við
einn Húnvetning, bróður
Magnúsar Öku-Þórs-rit-
stjórn.

Frá Árnesi fórum við
í róðrarbátnum til Norð-
fjarðarkaupstaðar. Það er
ýmsl. Kletinna gamall og
síðasti áfanginn. Við
héldum rakleitt að húsi
Guðmundar gamla úr Ófeigs-
firði hann tók við okk-
ur og bauð okkur hjá
sér að vera, þar til við
fengum skipsferð, enda
var honum það skyldast
því til hans var ferðinni
heitið og fórum fyrir hans
mikils virtu ummæli.
Ég hef lokið máli
mínu.

Karl Ingvars.

Opið bréf.

Gott kvöld strákar mínir!
Svo er mál með vexti að ég
verð nauðugur viljugur að
rita nokkrar línur til að
fylla dálkana í Öku-Þór.
Nefndarskrattinn sem
sumum ykkar er hálf
illa við kom til mín
og sagði „þú skalt rita
í blaðið.“ Ég sagði: „Ég
hugsi og klýjið.“ Kvaddi
nefndina, flýtti mér heim,
greip blýantinn minn
og fór að rita. En það er
eins ástatt með mig og
marga aðra, að ég er lítt
penna fær og jafn and-
laus og gróðurnaður,
samt verð ég að gera
afsökun mína og rita
nokkrar línur á miðann
og senda Öku-Þór því
það klagið þegar þær
verða lesnar upphátt af
hinum raddgóða rit-
stjóra blaðsins. Mér er
illa við allar nefndir.
Hvergi getur maður þver-
fótað fyrir nefndum:
Hreppsnefndum, Kynbóta-
nefndum, sóknarnefnd-
um, heilbrigðisnefndum

fræðslunefndum, skemtinefndum og allslags óráns nefndum. Það er eins og að allir séu orðnir vitlausir, sem vit þurfa að hafa og geta losað þjóðina við allt þetta nefndafargan. Allir vilja komast í nefnd. Fá þóknun fyrir að vera í nefnd og gera sem minnst gagn, þegar að þeir eru loksins komnir í nefnd ég vil láta afskrifa allar nefndir. Þær gera ekki annað en gera hverjum frjálslyndum manni lífið óbærilegt. Þær banna alla skapaða hluti nema að greiða útgjöld og sektir. Maður má ekki einu sinni láta slor og mykju á bína eigin lóð þar sem manni sýnist fyrir einhverri nefnd, sem hefir það hlutverk með höndum að geta þess að fólk veikist ekki af ódaun eða mökkum. Ef maður fær eða kemst yfir nokkrar krónur þá kemur skattanefnd og vill vera með nefið niðri í því. Sem sagt. Það er orðið óverandi hér fyrir nefndum og þegar maður stendur alsaklaus og hyggst ekki eiga sökótt við neina nefnd, þá kemur einhver djöfull og presenterar sig sem ritnefnd og skipar manni að rita í blað. Því segi eg: Niður með allar nefndir!

Í þeirri von að Málfundafélagið geri það sem það getur til þess að létta mér lífið með því að skipa engar nefndir hvað og ykkur piltar minir og segi eins og heilagur andi „Friður sé með yður.“

13

Til Hinboga

Þó að skorti þrek og dug
því ert fára jafni
dylur orð og illan hug
undir fölsku nafni.

Karl Ingvarr.

Núverandi Sjálfstæðisfl.

Flýr nú öll sín fyrri mál
flakkar lagstur hvata
ýmsir frelsi, aðrir sál
á þeim flótta glata.

Karl Ingvarr



Heimadæmi
handa
Magnúsi Þorleifssyni.

Maður nokkur þurfti að láta byggja fjós yfir einn nautgrip. Honum reiknaðist svo til að hann myndi geta lagt í það kr. 100,00 án þess að taka lán, – en slíkt vildi hann forðast fyrir hvern mun. Hann bauð því bygginguna út og fékk þegar tvö tilboð með þeim skilmálum, sem hann hafði sett, að hún yrði klár innan tveggja sólarhringa.

Annað tilboðið hljóðaði á kr. 90,00 en hitt á kr. 125,00 og var þess getið í sambandi við það að sökum þess að verkinu yrði að vera lokið á svo skömmum tíma, þá gætu þeir eigi framkvæmt það fyrir minna gjald því tilsvarl af vinnunni félli á nætur- og yfirvinnutíma.

Hvort tilboðið bar manninum að taka.

Hinbogi.

Athugasemd.

Þótt svo virðist sem mér sé einum ætlað að reikna þetta „heimadæmi“ læt eg svarið bíða næsta blaðs, vegna þess að eg býst við að fleiri Málfundafélagar vilji ef til vill spreyta sig á að finna lausn þess. Viðfangsefnið virðist sem sé vænlegt til skilningsauka og ættu sem flestir að reyna að ráða gátuna. Þeir sem vilja senda lausnir komi þeim til undirritaðs fyrir næsta fimmtudag, verða þær svo ásamt svari frá mér birtar í næsta tölublaði Óku-Þórs.

M. Þorleifsson.

Gripir Þórs

Hraustur Mjölni hristir
harður sonur jarðar.
Gyrðist megingjörðum
glófum klæðir lófa.
Tekur reið burt ryktur
-ragna sinnir gagni-
af láði jötna liði
leiða vill hann eyða

Vetuliði.

Heimskt er heima-
alið barn.

Eg hef gengið margs á mis
má þó heita ríkur.
Áhyggjurnar eins og fis
af mér gleðin strýkur

Svekkt var lund og sálin þjest
svona gekk það lengi
Mér var aldrei léð sú list
að leika á hörpustrengi

Það bræðir boðnarsjór
hjartans sé og fríðvar
Ekki get eg Óku-Þór
auðgað þínar síður.

Glöðum hreina gleði unst,
greikkum sveinar sporið
Margt þó reynist miður traust-
missum seinast þorið.

Hreiðar heimski.

# Fis.

Mannsins agg í orði og verki
er hið mesta froðukjörn.
Hrokinn reynist heimskumerki
hlutlekningin innantóm.

Bax við aðra alt við skugga
eyðir margra kraft og dug
Ólánshvötin ótal brugga
allri sálu vísá á bug.

Maðkar jarðar, japl og fuður
éta runder lífsmeiðþinn,
– eltir fis í út og suður
eins og skynlaus vindurinn

13.



# Siðmenning.

## I.

Íslensku þjóðinni ætti að vera það áríðandi hugðar-efni, á hvern hátt hún gæti best fullkomnast í siðferði og göfugu líferni þó þjóðin sé fáliðuð og mann-fá og lega Íslands þannig að ástæður séu fyrir því að útlendingar veiti landi og þjóð litla eftirtekt. Þá hefir reynslan sannað oss að svo er ekki. Saga vor fyr og nú hefir vakið eftirtekt, lífsbarátta listir, menning og mennt-ir hafa orðið þess vald-andi að vér erum viður-kenndir víðsvegar í menningarlöndum heims-ins, sem menningarþjóð. Ástæður til þeirrar eftir-tektar eru tvímælalaus ávextir af lífsbaráttu íslenskra einstaklinga á verklegu og andlegum sviðum. Orsakir til góðrar afkomu og nytsamlegra starfa ein-staklinga og þjóðarheild-arinnar eru grundvall-aðar í einstaklingsfram-taki; góðum hæfileikum staðföstum vilja og drengi-legri viðleitni til þess að starfa þannig að sem bestum notum geti komið lífsstarf hvers einstaklings, fyrst og fremst til viðhalds og uppbyggingar sínu eigin lífi og sinna nánustu vandamanna og svo einnig síns þjóðfélags.

Aðstæðurnar í íslensku þjóð-lífi eru þannig að vopn og verjur flestra stríðsmann-anna, er þáttakendur grætt í hörðum hildarleik lífsins eru þeirra eigin manngildi og hæfileikar. Í þeim bardaga er oft nauðsyn góðra vopna og traustra hlífa, þegar átt er í höggi við drottnandi lífsannir, deyfandi siðspilling, óheið-arleik viðskiftanna, undravald falskenn-inganna, lygi, róg, lesti og lægstu hvatir úrkasts-lýðsins. Öllum hugsandi mönnum er því ljós nauðsyn þess að þroska hæfileika sína, efla manngildi sitt og betra hugarfarið, því þá er lík-legra að þeir geti verið

nýtir menn í þjóðfélaginu.
Takmark æskumannsins mun oftast vera það, að geta orðið mikill maður og það takmark er nauðsynlegt og hjálpar mörgum í baráttunni. Í æsku munu ekki vera grandhugsaðar leiðirnar að slíku takmarki, en þess er full nauðsyn. Á hvaða stigi er maður stendur í metorðastiga þjóðfélagsins, þá má það aldrei gleymast, að til þess að ná því takmarki: að verða nýtur starfsmaður sinnar stéttar og sonur síns þjóðfélags að þá er nauðsynlegt að keppa að því, að verða sem siðferðilega þroskaðastur maður.

Brýn nauðsyn er á því að lifa svo lífi sínu, að eftirbreytnisvert sé, vera trúr í störfum og orðum og gera sitt til að auka verðmæti þess arfs er eftirkomendurnir taka við.

II.

Fjörugt samlíf mun vera all eftirsótt um vissast aldursskeið flestra heilsuhraustra og lífsglaðra manna.

„Maður er manns gaman" segir hið fornkveðna og rætur þeirra samninda eru ljósar og liggja í eðlishneigð mannkynsins. Fyrir þær rætur ætti engin að reyna að taka, því að slíkt er ekki hægt að uppræta enda ekki heilbrigt. Hitt ber öllum þroskuðum mönnum að hafa hugfast að gera ekkert til þess að nega í sundur eða spilla eðlisgáfum þeirra róta er þeir geta fengið tækifæri til að hafa áhrif á, svo þær verði síður þess megnugar að bera góða og nytsama ávexti. Þar sem staðhættir eru þannig að fjölmenni er samankomið eða líklegt er að fleiri dragist að, er ábyrgðin þung á öllum þeim, sem betri hæfileikum eru gæddir en fjöldinn að breyta þannig að líferni þeirra sé eftirbreytnisvert. Áhrifa frá yfirburðapersónum gætir þar fljótt hvort heldur er til ills eða góðs og hópsálar verður vart með takmarkaðri ábyrgð á einstaklingsgerðum en



í fámenni. Sjálfsvirðing virðist sljóvgast hjá mörgum yngri og eldri í orði og verki oft og tíðum í margmenni og þar ekki gætt þeirrar yfirvegunar er nauðsynleg verður að teljast áður en framkvæmt er. Umhugsuna um slík atriði og hér að framan er getið hafa oft gert vart við sig hjá mér, þegar ég hef athugað framkomu manna, þar sem fjölmennara er en innan míns heimilis og sveitarinnar er ég dvel í. Sérstaklega hefir athygli mín beinst að höfuðstað Vestur-Húnavatnssýslu, Hvammstanga. Sá staður er mjer svo kær að ég vildi óska að innan hans yrðu einungis unnin þau verk er þyldu dagsljós og gagnrýni án þess að nokkur þyrfti að bera blygðunarroða fyrir. Því miður virðast mér nú í seinni tíð vera að gægjast upp þar öðru hvoru þau strákapör er geta alls ekki talist sómaverk hvort sem þau eru unnin af íbúum staðarins eða aðkomumönnum.
Á síðastliðnu hausti hefi ég heyrt sagt að átt hafi sér stað slík óhæfa um næturtíma að unnin hafi verið lítilfjörleg spellvirki á eignum einhverra þorpsbúa. Skemmdaverk þessi voru að vísu ekki stórvægileg eða þannig löguð að eftirtjóni valdi er nokkru nemdi. Einhverjir vinnuhneigðir náungar fróuðu starfsþrá sinni með því að bera í sjó kassa með tómum ölflöskum og velta tunnum niður af brekkunni og í ána er mun hafa staðið full af krapi. Hér um slóðir mun vera hægt að fá nóg verkefni sem nauðsynlegri mun vera hægt að telja. Sennilegt er að þessum störfum hafi ráðið óalandi skemmdarfýsn og strákskapur er ætti að útrýmast. Líklegt er að þetta hafi unnið fullvaxnir menn og er þá hugsanagangur þeirra vanheill.
Er það ekki leiðinlegt að þurfa að verða sjónarvottur að því ef auglýs.

ingum er fest upp í kauptúninu, að sjá þar úlkrassaðir og búið að skrifa inn á þar viðeigandi orð? En nú er svo komið að slíkt sér maður eins oft og hitt að þar séu í friði látnar. Af hverju eru sprottnar þær hugsanir er stjórna þessum siðlegsisathöfnum? Menn ættu að athuga slíkt og við athugun á því munu þeir komast að þeirri niðurstöðu að ábótavant mun vera siðmenningu einhverra sýslubúa. Mér dettur ekki í hug að kasta þungum steini til manna út af þeim smámunum er eg hefi nefnt hér, og framdir hafa verið í kauptúninu. Heldur vil eg aðeins vekja eftirtekt á þeim og fullyrða að þeir eru ekki til sóma á nokkurn hátt; óska og vona að menn hætti slíku. Það er blettur á þeim er slíkt fremja, en kemur alls ekki niður á þeim er fyrir verknaðinum er ætlað að verða. Hugsana skammsýni þeirra er þessum verkum hafa valdið er um að kenna, ef þeir álykta að afleiðingar þeirra komi annarsstaðar þyngra niður en á þeim sjálfum. Eg ætla mér ekki þá dul að það sé auðvelt að koma í veg fyrir að margt kunni að fara öðruvísi en æskilegt er, og ekki heldur að eg sé sá er geti sýnt mönnum sannleikann í því hvernig þeir skuli breyta eða sé fullkoml. réttdæmur í þeim atriðum. En þar sem skoðanafrelsi er enn hér á landi skirrist eg ekki við að láta skoðanir mínar í ljósi.

Vestur-Húnvetningar! Oss ber að gera allt sem unt er til að viðhalda og auka sóma sýslu vorrar, hafa vakandi auga á höfuðstað hennar og koma í veg fyrir að falli á sögu hans og þroska feill. Hvammstangabúar! Gerið allt sem í yðar valdi stendur til að efla heill og heiður staðarins. Eflið siðferðisþroska einstakl. Gætið varhygðar við strákapörum þroskið hæfileika yðar og beitið þeim á sléttlegan til að vinna nytsemdarverk. Verk er megi verða til eflingar góðri afkomu yðar og yðar nánustu og þá um leið hinu ísl. unga, fátæka ríki.

Haukur frá Hamri.

# ÖKU-ÞÓR

Útgefandi:
Málfundafélag Hvammstanga.

| | | |
|---|---|---|
| VII árg. | Febrúar 1932 | 3. blað |

## Öku-Þór.

eftir
Veturliða.

Sem stafkarl ei um fold eg fer,
þótt fylgi aldur stór,
því Elli vinnur vart á mér,
en víst hún þrýstir fast að sér.
Við fangbrögð hennar fullhart er
því flestum, nema Þór.

Eg glófa mér á höndum hef.
Þá hamars kreisti skaft.
Til reikningsskapar skjótt eg kref
ef skifti geði vagð ei gef.
Eg megingjörðum miðju vef
og mestan hef þá kraft.

Eg virtist Loka vera smár
og vafra hægt um storð
Í raunum samt eg reyndist knár
og ragna létti hræðslu fár
og ýmsum veitti ólífs sár
Á Ægir svalg og borð.

En þótt eg virtist svifaseinn
og sýndi handtök skjót
Í fressi rétti upp fótinn einn

Þá fylltist ölla hver einn sveinn
það leikur eftir ekki neinn
Að ósi stemmdi eg fljót.

Og ellefu reri eg út á sjó
og ei var beitan smá
Þá Miðgarðsorminn upp eg dró,
en argur Þurs á færið hjó
Með hamrinum þá eg Hymi sló
svo hans í iljar sá.

Er forðum gekk eg foldu á
mörg framdi afreksverk.
Svo fer eg enn um láð og lá
að ljósta skjótt með hamri þá,
sem örgum jötnum aðstoð ljá
og auka friðar þörf.

Viturliði

## Fyrirspurn
til Guðm. Gunnarssonar

Í grein þinni „Siðir og gengið" í næst síðasta blaði Ekki-þórs kemur fyrir orðið „nýðklífur." Enda þótt að þetta sé annarsstaðar margnotað og gatslitið eins og þessi grein þín var öll, vanti eg að þú getir gefið einhverjar skýringar á því, svo að þeim verði meiningin ljós, sem ekki skilja nú eins og mér.

Keli.



## Þrettándadagskvöldið 1932

Eins og allir vita er það gamall og góður siður að halda brennu, sem svo er kallað, um hver áramót. Á tímabili dofnaði þó mjög yfir þessu, að minnsta kosti hér á Hvammstanga.

Margir munu minnast þeirra ánægjustunda er þessi brennukvöld létu af sér leiða hér fyr á tímum. Þarf raunar ekki að fara lengra aftur í tímann en að uppvaxtarárum Sigurðar Davíðssonar. Voru þá oft kynt hér mikil og svakaleg bál. Varð fólk er sótti brennur þessar að standa í það minnsta í þrjú hundruð metra fjarlægð frá eldinum, ef það vildi vera óhult og ugglaust um að halda lífi og limum. Til þess að kveikja í kestinum voru æfinlega valdir þeir fóthvötustu menn sem völ var á, einig köstuðu þeir hinir sömu ýmiskonar sprengjum inn svoleiðis á bálið. Áttu menn þessir alla jafna fótum fjör að launa.

Eins og áður er á minnst var deyfð mikil yfir öllu slíku hér í mörg ár. En nú virðist aftur ætla að fara að glæðast áhugi manna í þá átt að halda þessari gömlu venju við og er það vel farið. Í fyrra var hér brenna. Var hún í alla staði mjög tignarleg enda lítt til hennar sparað. Svo í ár núna þann 6. Janúar, sem var þrettándi dagur jóla, gerðust þeir atburðir, sem meðal annars urðu tilefni þess að línur þessar voru ritaðar.

Klukkan um 6 síðdegis hinn áðurnefnda dag flaug það sem eldur í sinu um allan staðinn, að þá um kvöldið yrði brenna. Mörgum kom þetta á óvart, því ekki hafði neinn viðbúnaður verið hafður. Vakti fregn þessi

gleði mikla hjá þorpsbúum. En svo var mál með vexti, að nokkrir framtakssamir gleðimenn tóku sig saman og efndu til þess arna. Eiga þeir þakkir og heiður skilið fyrir.

Aðallega voru þeir þrír sem fyrir þessu stóðu og skulu þeir hér nefndir: Fyrstan skal telja Björn Friðriksson frá Stóra-Ósi, fyrverandi meðeiganda í Bifreiðastöð Hvammstanga. Sýnir það ljóslega hve hlýjan hug Björn ber, ekki einungis til einstakra manna hér heldur og til allra staðarbúa yfirleitt.

Næstan má telja Daníel Markússon bifreiðarstjóra. Sýndi hann þarna ötulleik mikinn eins og hans er vandi við hvað sem er. Vita allir er Daníel þekkja að hann er hrókur alls fagnaðar hvar sem hann getur því við komið. Sá hinn þriðji var Guðmundur Gíslason, járnsmiður og logsuðumeistari. Ekki er hann síðast talinn af því að hann megi teljast lakastur þessara manna, en einhvern varð síðastan að telja og þá kannski helst hann, af þeirri ástæðu að hann varð frá að ~~[illegible]~~ hverfa í miðju kafi vegna eðlilegra orsaka, sem ekki verða hér greindar. Tóku þeir nú þremenningarnir til óspilltra málanna að svamla saman til brennunnar. Meðal annars fengu þeir tunnubákn eitt mikið sem í hafði verið tjara; þykir það gott til slíkra hluta. Keyptu þeir ferlíki þetta af Eiríki Hjartarsyni fyrir mjög litla peninga, því ekki hefir Eiríkur viljað láta það um sig spyrjast, að hann taki of hátt kaup þann daginn.

Var nú farið með allt þetta gramsið á brennustaðinn, sem valinn var á mel ofanvert við Brautarholt, býgarð Guðjóns Magnússonar. Var þá þegar kominn þar múgur og margmenni.

Var nú tekið til óspilltra málanna, tunnan hafin á loft af mörgum röskum



mönnum og sat hún á þrem stöngum er grafnar voru ofan í melinn. Því næst var farið að skjóta logandi eldibröndum upp í op tunnunnar, en eigi kom það að tilætluðum notum, engin leið var að tendra logann. Voru að þessu leiddar margar getsakir. Loks gall við úr mannþyrpingunni frá einhverjum, að það vantaði annað gat á tunnuna. Þetta létu brennuvargarnir sér að kenningu verða. Náðu þeir nú tunnunni ofan og var það verk bæði erfitt og hættulegt. Kom nú Björn frá Ósi með sleggju eina mikla og réðist á neðri enda tunnunnar og laust hana mörgum þungum höggum, loks lét hún sig fyrir Birni og var nú tunnuskömmin opin í báða enda.

Þegar hér var komið voru margir orðnir óþreyjufullir og óánægðir. Heyrist það glöggt á kliðnum frá mannfjöldanum er heyra mátti sem dynjandi árnið. En nú var tunnan hafin upp í annað sinn og var bráðr var allt í björtu báli. Lét þá mannþyrpingin í ljósi fögnuð sinn með ýmiskonar sprelli. Allir gerðu eitthvað til þess að fylgjast með, meira að segja sextug gamalmenni snérust þarna um á hæl og hnakka af einskærri kæti. Þarna var samankomið fólk af öllu tagi, allir tóku sameiginlega þátt í því að gera stund þessa sem unaðslegasta.

Ekki er óviðeigandi að nefna nöfn einstakra manna er þarna voru viðstaddir og þá helst þeirra er eitthvað létu til sín taka. Skal þá fyrstan nefna Halldór Sigurðsson skrifstofustjóra. Hélt hann sig alla jafna mjög nærri bálinu. Var hann með staf einn prýðilega gerðan sem hann rak á kaf öðru hvoru í bálið. Virtist það þá magnast um helming. Ekki var að sjá sem stafur þessi

gleði mikla hjá þorpsbúum. En svo var mál með vexti, að nokkrir framtakssamir gleðimenn tóku sig saman og efndu til þess arna. Eiga þeir þakkir og heiður skilið fyrir.

Aðallega voru þeir þrír sem fyrir þessu stóðu og skulu þeir hér nefndir: Fyrstan skal telja Björn Friðriksson frá Stóra-Ósi, fyrverandi meðeiganda í Bifreiðastöð Hvammstanga. Sýnir það ljóslega hve hlýjan hug Björn ber, ekki einungis til einstakra manna hér heldur og til allra staðarbúa yfirleitt.

Næstan má telja Daníel Markússon bifreiðarstjóra. Sýndi hann þarna ötulleik mikinn eins og hans er vandi við hvað sem er. Vita allir er Daníel þekkja að hann er hrókur alls fagnaðar hvar sem hann getur því við komið. Sá hinn þriðji var Guðmundur Gíslason, járnsmiður og logsuðumeistari. Ekki er hann síðast talinn af því að hann megi teljast lakastur þessara manna, en einhvern varð síðastan að telja og þá kann ekki helst hann, af þeirri ástæðu að hann varð frá að hverfa í miðju kafi vegna eðlilegra orsaka, sem ekki verða hér greindar. Tóku þeir nú þremenningarnir til óspilltra málanna að smala saman til brennunnar. Meðal annars fengu þeir tunnubákn eitt mikið sem í hafði verið tjara; þykir það gott til slíkra hluta. Keyptu þeir ferlíki þetta af Eiríki Hjartarsyni fyrir mjög litla peninga, því ekki hefir Eiríkur viljað láta það um sig spyrjast, að hann taki of hátt kaup þann daginn.

Var nú farið með allt þetta grams á brennustaðinn, sem valinn var á mel ofanvert við Brautarholt, bígarð Guðjóns Magnússonar. Var þá þegar kominn þar múgur og margmenni.

Var nú tekið til óspilltra málanna, tunnan hafin á loft af mörgum röskum



mönnum og sett hún á þrem stöngum er grafnar voru ofan í melinn. Því næst var farið að skjóta logandi eldibröndum upp í op tunnunnar, en eigi kom það að tilætluðum notum, engin leið var að tendra logann. Voru að þessu leiddar margar getsakir. Loks gall við úr mannþyrpingunni frá einhverjum, að það vantaði annað gat á tunnuna. Þetta létu brennuvargarnir sér að kenningu verða. Náðu þeir nú tunnunni ofan og var það verk bæði erfitt og hættulegt. Kom nú Björn frá Ósi með sleggju eina mikla og réðist á neðri enda tunnunnar og laust hana mörgum þungum höggum, loks lét hún sig fyrir Birni og var nú tunnuskömmin opin í báða enda.

Þegar hér var komið voru margir orðnir óþreyjufullir og óánægðir. Heyrðist það glöggt á köllum frá mannfjöldanum er heyra mátti sem dynjandi árnið. En nú var tunnan hafin upp í annað sinn og von bráðar var allt í björtu báli. Lét þá mannþyrpingin í ljósi fögnuð sinn með ýmiskonar sprelli. Allir gerðu eitthvað til þess að fylgjast með, meira að segja sextug gamalmenni snerust þarna um á hæl og hnakka af einskærri kæti. Þarna var samankomið fólk af öllu tagi, allir tóku sameiginlegan þátt í því að gera stund þessa sem unaðslegasta.

Ekki er óviðeigandi að nefna nöfn einstakra manna er þarna voru viðstaddir og þá helst þeirra er eitthvað létu til sín taka. Skal þá fyrstan nefna Halldór Sigurðsson skrifstofustjóra. Hélt hann sig allajafna mjög nærri bálinu. Var hann með staf einn prýðilega gerðan sem hann rak á kaf öðru hvoru í bálið. Virtist það þá magnast um helming. Ekki var að sjá sem stafur þessi

svíðnaði eða skemmdist nokkra vitund við hitann. Er því vafalaust eitthvert mjög gott efni í honum. Vandlega hirti Halldór stafinn, því að jafnótt sem á hann slettist tjöru eða eitthvað annað óþverralegt þurrkaði hann honum vandlega við buxnaskálm sína, þótti öllum er á horfðu þetta athæfi mannsins harðla einkennilegt, því Halldór er að allra dómi sem til hans þekkja einstaklega þrifinn maður. En ætla má að Halldór hafi ekki viljað liggja á liði sínu við að auka brennugleðina og því ekki sútað það þó hann fórnaði einum buxum, en hugsað sem svo að hann ætti þá aðrar eins góðar heima.

Ennfremur var þarna Konráð Díómedesson frímerkjakaupmaður. Bar hann einnig staf í hönd ekki óásjálegan, en hversu mikið sem Konráð veifaði prikinu virtist það ekki hafa nein sérstök áhrif á bálið.

Enn má telja Jóhannes Davíðsson bílstjóra, gerði hann sitt ýtrasta til þess að halda við bálinu. Var honum þó tíðum reikað um svæðið og virtist óþreyjufullur. Loks veittu menn því athygli að Jóhannes staðnæmdist þar sem hópast höfðu saman hinar fegurstu meyjar þorpsins. Mátti þaðan heyra glaðværa hlátra og ýmislegt pískur.

Ekki má gleyma að minnast þeirra Egils Þorbjarnarbana og Sigurðar glímukóngs, var sem mörgum þætti þeir fara nokkuð ógætilega sem var og ekki af ástæðulausu, þar sem þeir óðu eldinn þvínær í beltisstað; eru þeir báðir fullhugar miklir.

Marga fleiri mætti enn þá telja en það færi í það óendanlega, þó má eins minnast enn.

Það var í þann mund er bálið fór mjög að dofna



að allt í einu klofnaði mannþyrpingin og fram ruddist maður einn í svörtum stuttfrakka mjög þreklega vaxinn. Var þar kominn Guðmundur Hlíðdal bílstjóri frá Múla. Hafði hann á milli handa sér pjátursskjólu eina með tveim pottum af bensíni sem hann hafði tappað af bílnum sínum, með þeim góða ásetningi að gefa það til brennunnar. Dembdi hann nú bensíninu á eldinn, sem æstist þá svo mjög að albjart varð sem snöggvast milli fjalls og fjöru á löngu svæði. Hörfuðu þá margir frá bálinu. En þó virtist fagnaðarlátum fólksins aldrei ætla að linna. Var engu líkara en að sumir ætluðu að tryllast af æsingu og spenningi.

Þar sem brennan var nú búin að standa yfir í allangan tíma, sjálfsagt einn stundarfjórðung og farinn mjög að dvína eldurinn, seig nú mannfjöldinn á stað áleiðis ofan í þorpið. Skein ánægja og hrifning út úr hvers manns sjónum. Ótvírætt má ætla að seint muni fyrnast í hugum þess fólks endurminning viðburðanna er skeðu á þrettándadagskvöldið 1932.

Hlunljótur.

## Svar

við heimadæmi Húnboga.

Engar lausnir hafa Okuþór enn þá borist á heimadæmi Húnboga í síðasta blaði. Berast því víst böndin að mér að brjóta heilann um leyndardóm verkefnisins og biðja Okuþór að birta niðurstöður þeirra heilabrota ef þær skyldu einhverjar verða. Það skal tekið fram að sé ætlast til þess að dæmið sé leyst á stærðfræðilegan hátt eins og mér datt fyrst í hug á meðan ég hafði ekki lesið dæmið en aðeins séð að í því væru nokkrar ákveðnar tölustærðir, þá er með öllu þýðingarlaust að vænta þess að ég geti

legt það. Eg þekki sem sagt engu geometriska formulu né reiknings-aðferð sem og sé tiltæki legt að beita í því efni. En af því að eg er sama lítill stærðfræðingur og reikningsmaður má vel vera að það sé ofraunir fyrir höfund dæmisins að snúa sér til einhvers meiri háttar stærðfræðings t.d. Ól. Dan., Þorkells eða þá til fjármálaþekkingu og reikningsundur-skörunka sem hér er nóg af. Má þar til nefna Hannes, Levy, Sigurð, Lindal og sjálfsagt marga fleiri.

En eigi að sleppa allri stærðfræði og snúa sér að því að svara spurningunni betur að mér finnst hægt. Væri maðurinn, sem ætlar að láta byggja fjósið frjáls og óháður um valið gæti og alls ekki skorið úr því hvort tilboðinu honum bæri að taka. Eg hef ekki nokkra löngun til þess að vera samviska annara manna, síst af öllu í jafn óupplýstu máli og

þetta fjósbyggingarmál er. Ýmis persónuleg afstaða til þeirra sem tilboðin gera gætu af til vill haft áhrif á það hvort tilboðið það væri, sem vinnuveitandi teldi að sér bæri að taka.

En nú er vinnuveitandi alls ekki frjáls og óháður um valið, því ef að Hinbogi fer rétt með það að hann hafi aðeins Kr. 100.oo handbært, en vilji fyrir „hvern mun“ forðast að taka lán þá er hann fyrirfram bundinn sínum eigin ákvæðum og þá er jafnframt það tilboðið útilokað sem er hærra en upphæð sú sem vinnuveitandi getur lagt fram án lántöku.

Nú virðist það hafa legt heimadæmi handa Hinboga að leysa úr því hvort tilboðið er hærra en upphæð sú, er vinnuveitandi getur lagt fram án lántöku.

Magnús Þorleifsson





# Heimadæmi Hinboga.

Eftir Hela.

Eg hef setið allengi yfir heimadæmi því sem þú, Hinbogi sendir M. Þorleifssyni í síðasta blaði "Okut" þess, en því lengur sem eg hefi setið og gruflað, því fjær hefir lausnin verið. Eg er ekki stærðfræðingur og byggi því við að dæmið sé ekki eins erfitt og eg hef haldið, því mörgum sem ekki eru stærðfræðingar fer svo, að þeir álíta öll stærðfræðileg viðfangsefni erfiðari en þau eru.

Eg er því löngu hættur við þessa þraut, en snéri mér heldur að því að búa til annað dæmi handa þér. Eftir mikið andlegt strit, stærðfræðilegar bollaleggingar og geometrisk heilabrot held eg að mér hafi tekist að búa til dæmi sem hafa muni þínum stóra stærðfræðisheila

Það er svona:

Magnús Þorleifsson sem stundum reykir sigarettur kemur inn í Kaupfélagið og biður um sigarettur. Guðmundur sýnir honum tvær tegundir er hann nefnir Commander og Statesman. Commanderpakkinn kostar 1. krónu. en Statesman 1. kr 25 au. Nú á Magnús ekki til nema 1 krónu í buddunni.

Hvorn pakkann átti hann að taka?

## Heimadæmi Kela.

Eg var að lesa yfir dæmið frá honum Kela og fann lausnina með sama og hún er á þessa leið:

Þar sem það er vísindalega sannað að <u>ást</u> sé eingöngu fólgin í <u>gleði og nautn</u> og þar eð eg geri ráð fyrir að öll munaðarvara eigi þar sammerkt þá finnst mér það liggja í augum uppi sem sjálfsagður hlutur að Magnús taki þann pakkann — eður þá sortina er veitti honum meira af þessum unaðsemdum.

Hitt, að hann hefði ekki nema eina krónu í buddunni skiftir engu máli, því það þekki eg til Guðmundar Þ., að svo mikinn gjafnaðarmann hefir sá góði maður að geyma að hann hefði gert annaðhvort að lána M. Þ. eður gefa þá 25 aura sem að til vantaði. —

Ef Kela dytti í hug að senda mér dæmi seinna, þá vil eg benda honum á, að þar sem hann telur sig ekki stærðfræðing og getur fyrir þá sök ekki útbúið dæmi nema fyrir byrjendur, — að honum er nauðsynlegt að fá sér aðstoðarmann. — Í það sæti mætti tilnefna Teit Andrésson því svo hefir reynst að flest væri <u>laukrétt hjá Teiti.</u>

Hrinbogi.

# ÖKU-ÞÓR

Útgefandi:
Málfundafélag Hvammstanga.

VII árg. | 4. blað.

## Hvammstanga kultur.

Eftir
Hrosshársgrana.

Heilir og sælir, hlustendur góðir. Mér flaug í hug að ekki væri úr vegi að senda Öku-Þór nokkrar línur þar sem mér er kunnugt um að blaðið hefir flutt flest það markverðasta, sem hér á staðnum og í grendinni hefir gerst. Og með því að Hvammstangi er þegar orðinn frægur ~~ekki~~ síður en Keflavík, fyrir atbeina ýmsra góðra manna sem hér eru „niðursettir", þá hygg eg að hægt verði að skrapa saman eitt og annað mikilsvert svo sem á hálfa póstpappírsörk, sér að þjáningalausu, þó Sig. Pálmason máské efist um það.

Þar sem eg er enginn fornfræðingur eða grúskari, þá held eg að eg halli mér ekki lengra aftur í tímann en til síðustu áramóta. Ætla eg þá að lofa ykkur að heyra hvernig lífið hefir komið mér og ýmsum öðrum „niðursetningum" hér á staðnum fyrir sjónir frá sl. nýjári til þessa dags.

Seint í Janúarmánuði mun það hafa verið að Hólmfríður Magnúsar kallaði Björn P. Blöndal „góðmann" og tel eg það góðs vita svona í byrjun árs og er eg Hólmfríði þakklátur fyrir orðið.

Í sama mánuði auglýsti kynbótanefnd Kirkjuhvammshrepps að gefnu tilefni að enginn mætti koma með kelju að Gröf. nema greiða Ágúst bónda átta krónur og finnst mér þetta tiltæki gott hjá nefndinni og sérstaklega ágætt fyrir Ágúst.

Þá var um svipað leiti haldinn fundur í félagi ungra "sjálfstæðis manna" innan gæsalappa hér á staðnum. Og eftir því sem ég hef frétt sannast og réttast af fundi þeim, mun hann vera einhver sá merkasti stjórnmálafundur, er sögur fara af, sem haldinn hefir verið frá Lapplandi og suður að Vesuvíus, þar sem djöflarnir sáust andskotast forðum. Því til sönnunar hvað fundurinn hefir verið mikilsverður nægir að nefna það eitt, að framsöguræðan tók einn og hálfan kl.tíma og þó er sagt að ekkert nýstárlegt hafi komið fram hjá ræðumanni, annað en það sem allir vissu áður og voru búnir að marg jagað og japlað sín á milli.

Að framsöguræðunni lokinni stigu fundarmenn úr sætum sínum, jafnt gamlir sem gráhærðir unglingar, og hrópuðu tífalt húrra fyrir formælanda. Heyrðust húrrahróp þessi víðsvegar um land. t.d. hefi ég sannfrétt það af Hornströndum, að svo hafi hróp þessi hátt þangað heyrst, að allur fugl í Hornbjargi hafi þrifið til vængja og fóta er hrópin bárust þangað og leitað til sjáfar og segja kunnugir og fróðir menn að ekki færri en sex miljón fugla hafi farist í fátinu, ýmist hafi þeir gefið upp andann áður en þeir gátu hafið sig til flugs af syllum sínum og snösum, eða þá blátt áfram oltið ofan fyrir bjargið og steinrotast og þær fáu fuglhræður sem lífs af komust urðu svo hræddar að þær munu bjargsins aldrei aftur vitja eftir því sem Elías spámaður á Horni og Betúel skáti, kaupmaður í Hornvík segja, svo mikið varð þessum saklausu



skepnum um fagnaðaróp gráhærðu unglinganna á Hvammstanga — og nú kvað Hornbjarg sitja autt og hljótt og þau ein merki sjáanleg að það hafi lifandi bústaður nokkru sinni verið, eru nokkrar gráleitar klessur, sem vesalings friðsömu og saklausu bjargbúarnir hafa lagt af sér mitt í dauðastríðinu, sem síðustu menjar síns jarðlífs. —

Þegar húrrahrópin loks voru afstaðin virtist gleði og glaumur fundarmanna algerlega ætla að eyðileggja fundarstörfin, þar til Jóhann leikstjóri og vélritari tók það óþrifaráð, að afklæðast brókum sínum og lemja þeim þrem sinnum í salargólfið og heimta hljóð, létu fundarmenn sér við þetta segjast og gengu brosandi og tígulegir til sæta sinna.

Rétt um þessar mundir var það að Sigurður Davíðsson sat á tali við nokkra kunningja sína og sagði þeim æfintýr frá bernsku sinni, greip Sigurð þá svo sterk ofsakæti, að hann spratt upp úr sæti sínu, hoppaði hálfa aðra hæð sína í loft upp og sló síðan fjóra af félögum sínum í rot og hefi ég enn ekki frétt, hvort þeir hafa raknað við. Má af þessu sjá hversu mikill gleðihrókur Sigurður er.

Þá er komið að því, er Konráð frímerkja-auglýsari hóf ferð sína á nýjum pokabuxum vestur í Bitru, og vissu fáir eða engir hvert erindi hans þangað var og fékk sú óvissa svo mikið á suma fróðleiksfúsar persónur hér, að þeim lá við örvinglan og jafnvel vitfirring. Á meðan Konráð var í vesturför sinni ákvað Guðm. Þ. að láta sauma fyrir sig, keypti sér svört gúmmí stígvél og grammófónsplötur og var mjög glaður yfir.

Um það leyti sem Konráð kom að vestan, flaugst Jóhannes Davíðsson á við þrjátíu bolsévikka og endaði sú viðureign með þeim fáheyrðu ósköpunum, að það

sem fram snéri á höfði
bolsenna er seinna byrjaði
snéri nú aftur og er Jóhann-
esi kennt um snúninginn.
Var nú hljótt yfir þorpinu
nokkra daga, þar til ný fregn
flaug eins og elding um
staðinn að Halldór Sig. og
Guðjón Ó. annar móti
Indíánum, en hinn móti
Grænlendingum og er sagt
að Halldór hafi að vopni
stafinn góða er best dugði
í brennunni forðum, en
Guðjón aftur hundrað
punda lóð, sem Riis
verslun hafði til notk-
unar þá hún starfaði hér.

II.

Þegar hér var komið sögu
var það einn dag að hingað
barst sú fregn, úr hinni
miklu Babylon, öðru
nafni fréttastofu Hamms-
tanga, að nýútkomnir lands-
reikningar hermdu það
að glatast hefðu 7 milljónir
úr ríkiskassanum og væri
Jónasi kennt um hvarfið.
Enginn af útvarpsnotendum
hér varð var við fregnina
en hún var talin sönn eigi
að síður.
Mikið umtal varð hér um

milljónir þessar, lítið minna
en pansóstalið í Reykja-
vík fyrir ca. 37 árum, þegar
allur bærinn komst í háa-
loft út af engu og sumi
kjaftatólin náðu sér aldrei
til fulls eftir það.
Flestum varð að líta með
pólitískum augum á
milljóna fregnina og sýnd-
ist þá sitt hverjum, eins og
gengur meðal hlutdrægra
flokksdindla. Framsóknar-
mönnum hefir þráleitt þótt
fregnin góð, en létu þó lítið
á því bera og til þess að losa
sig sem fyrst við óþægindi
tóku þeir það ráð að hlægja
bara eins og déskotans
fífl og sögðu að þetta mundi
vera einhver sú íburðar-
mesta lygasaga, sem íhalds-
menn hefðu nokkru sinni
samið. En þrátt fyrir það
þó þetta væri haugalygi
um tapið væri sagan svo-
sem jafngóð fyrir það
og rétt mátuleg í íhalds-
sjálfstæðið hér, því það þyrfti
hvort sem væri alltaf að
hafa eitthvað þessu líkt, til
útbreiðslu og skeiðingar
stefnu sinni og svo í öðru
lagi væri sagan innlendur



iðnaður og óvíst að hún svifi
minna á suma að minnsta
kosti heldur en heimabruggað
vín, en það innlenda bæri
þó ávalt að styðja, fyrst og
fremst.
Sjálfstæðismenn litu nú
öðrum augum á málið, þeim
fannst ekkert hlægilegt við
það, síður en svo, og er svo
sagt að það næði hafi
fregn þessi gengið sumum
viðkvæmustu sálunum hér
að þar hafi eigi mátt vatni
halda fremur en hirð
Karla-Magnúsar keisara
forðum, ræddu þeir mál
þetta af fjálgleik miklum
innan luktra dyra í húsi
því sem alls ekki fast til
nokkurra afnota í dag þó
boðið sé þrefalt gjald, en
er svo boðið án endur-
gjalds á morgun. Niður-
staða funda þeirra varð
loks sú, að senda sinn
snjalla ráðsmann (sem
mest hefir ónáðað fuglinn
í Hornbjargi) suður í Vati-
kan Varðarhússins og freista
hvort honum mundi ekki
geta tekist að þefa uppi
eitthvað af horfnu milljón-
unum með sinu þekktu

fjármálaviti. Einnig á-
kváðu þeir samkvæmt fram-
kominni tillögu að selja
skyldi síðuna úr rit-
kláf stjórnarinnar til
þess að laga gengið. — En
hvers gengi átti að laga
vissi enginn og urðu
margar getgátur um það.
Sumir gátu þess til að
fé það sem fengist fyrir
síðuna ætti máske að
nota til þess að auka
gengi Ólafs Thors bæði
sem þingmanns og
síldarmálamanns, aðrir
voru þeir sem héldu að
fyrir söluverðið ætti ef til
vill að reyna að laga
gengi fyrirferðarmestu
skuldunauta Íslands-
banka sáluga svo manna-
greyin þyrftu ekki að
verða fyrir meiri óþæg-
indum en þegar eru
orðin. Og enn voru þeir
sem létu sér í hug koma
að skeð gæti að þessir
síðuaurar yrðu látnir
þráðbeint og krókalaust
renna í flokkssjóð Sjálf-
stæðismanna, svo þeir
gætu að minnsta kosti
á meðan landsmálafundi

þeirra stæði yfir í Vardar-
Vatikaninu, látið allt vaða
á súðum eins og í gamla
daga. – Jafnaðarmönnum
var líkt farið og fossinum
í gamla kvæðinu sem hló
svo kalt að hann hló og
grét í einu, þeir glödd-
ust í hjarta sínu yfir
óförum Jónasar, en grétu
út af tapi milljónanna,
þeir eru nú alltaf svo
viðkvæmir og kristilegir
í sér, greyin, enda þó
þeir vilji helst losna við
þjóðkirkjuna, það er nú
annað mál. Fóru nú að
verða allhvassar orðadeil-
ur milli flokkanna út
af fjártapinu, er hér
var komið og lenti oft í
skærum og skrúðningum
milli þeirra, sem af sér
leiddi hávaða mikinn og
sköll, bæði í húsum
inni og á torgum úti
keyrði loks úr hófi keyld
ætt, sló þá í mjög snarpan
götubardaga, eins og tíðk-
ast í stóru menningarlönd-
unum, reif þar hver
annan og tætti bæði
á sál og líkama og
öskraði hver sem betur

gat, sem hrimþursar
væru, hélst leikur þessi,
ef leik skal kalla fram
eftir nótt, ýmiskonar sköði
og skandali hlaust af bar-
daga þessum, t. d. er haft
eftir einni heiðursfrú, fætri
og sællegri, sem býr hér
við eina aðalgötuna, að
hún hafi ekki getað fest
blund á áðurnefndri
orustunótt, fyr en kl. 5
eftir miðnætti, fyrir
þeim jarganlegustu ó-
hljóðum og skollaskellum
þóttist frúin hafa þekkt
raddir og málróm ýmsra
hinna 'helstu' borgara
hér, og nefndi t. d. Jóh.
Dav., núverandi Ford-
trekkjara; Guðm. Þ.,
fyrverandi dragspils-
þenjara; Sig. Dav.,
gúmmí- og smávöru-
seljara; Karl Halldórsson,
núverandi bókbindara;
Þorlák Björnsson núver-
andi skrifstofustjóra og
loks fyrverandi sýslu-
mann Strandamanna.
Einnig getur hún and-
vaka og fámálaga frú
þess, að hún telji víst
að þeir sem hæst létu



til sín heyra í orustunni,
hafi verið haldnir af áhrif-
um einhverskonar áfengis,
annaðhvort hafi milljóna-
fregnin svifið svona
skarpt á þá eða þá að
þeir hafi svelgt einhvern
býsn af heimabruggi í
sig, frá einhverjum
sprúttfabrikant hér,
en ekki hefir frúin viljað
enn sem komið er gefa
upp nafn fabrikantsins
vegna sinnar meðfæddu
þagmælsku. Eftir þessa
áfloga- og ærlagaríku
vökunótt, má svo heita
að ekki sé minnst meira
á milljónatapið. Nokkru
dögum eftir úrslitanótt-
ina kom sá einkenni-
legi atburður fyrir, hér,
að á götum þorpsins
sást einn morgun
ógurlega stór kolsvartur
negri. Þvermæði hann
eins og hreppsnefndar-
maður víðsvegar um kaup-
túnið og lét í öllu mjög
dólgslega. Flestir þorps-
búar urðu mjög skelk-
aðir við vágest þenna
og er mælt að einn
af háttsettari borgur-

um hér hafi orðið til muna
hræddari við dólginn heldur
hann varð nokkru sinni
við líkina hans Knudsens
sáluga og er þá langt
jafnað. Enginn vissi
hvaðan negrinn kom
eða hvert hann fór og þó
allra síst hvert erindi hans
var hingað. Hann hvarf
eftir nokkurra stunda
ráp hér um staðinn og
telja vitrir menn komu
hans hingað heyra undir
dularfull fyrirbrigði, sem
svo oft gerast með menn-
ingarþjóðum.
Þar sem þáttur þessi er
nú þegar orðinn nokkuð
langur, verður látið
staðar numið hér í bili.
Næsti þáttur mun koma
við fyrsta tækifæri og
fjallar hann aðallega um
félags og skemtanalíf
hér í þorpinu.

III

Eins og eg lofaði við endi
síðasta þáttar ætla eg að
segja ykkur dálítið frá
skemtana- og félags-
lífi hér á staðnum.
Vildi eg þá fyrst snúa
mér að félagslífinu.

Félagslíf hér hefir verið
og er á sumum tímum
í allgóðu lagi, þó hafa
brestir og veilur viljað
gera vart við sig, að öðru
hverju, yfir tíu félög
munu vera starfandi
hér á staðnum nú og er
það mjög glæsilega há
tala í þorpi, sem telur
fyrir innan tvö hundruð
íbúa.

Elsta félagið sem hér er
starfandi nú mun vera
Málfundafélag Hvamms-
tanga. Það var stofnað
24. Nov. 1923 í skóla-
húsinu hér, eftir því sem
gjörðabók félagsins kem-
ur. Síðan hefir félagið
starfað mjög vel og kapp-
samlega að hinum ýmsu
gagns- og gleðimálum
að undanteknu einu ári
sem það lá í dvala. Blað
heldur félagið sem Oku-þúi
nefnist. Í það skrifa félags-
menn bæði um andleg
og veraldleg mál og má
fullyrða að blaðið er með
merkari ritum sem
skráð hafa verið á
norrænar tungur. Skemt-
anir sem slíkar hefir
félagið lítið um hönd,
nema á fundum sínum
er þar oft glatt á hjalla og
gleði í höll ekki síður en
hjá Goðmundi Kóngi
fordum og má með sanni
segja að oft skelli þar
horn á nösum og hnútur
fljúgi um borð, þó engi
hafi þar enn sem komið
er af góðsemi vegin
verið.

Af því sem hér hefir verið
sagt um Málfundafélagið
mun það augljóst vera,
að það er með betri stofn-
unum hér, bæði að
mannvali og fram-
kvæmdum þrátt fyrir
það þó Blöndal telji
það héraðsmein og
gróðrarstíu spill-
ingar.

Þá vildi og mega minn-
ast örfáum orðum á Kven-
félag Hvammstanga. Ó-
kunnugt er mér um
aldur þess enda skiftir
það engu. Hitt er meira
um vert, að í félagsskap
þessum eru flestar af
okkar vitrustu, fegurstu
og feitustu frúm. Hafa
þær margt gott af sér



látið hljóta með félags-
samtökum sínum, svo
sem barnaskemtanir,
iðnsýningar, trúlofanir o.
fl. Hefi og bjargfasta trú
á því, að félagsskapur þessi
sé þegar orðinn og verði
þó enn meir er fram í
sækir til menningar og
almennra héraðsþrifa.

Skákfélag Hvammstanga
var stofnað af Jónasi
lækni Sveinssyni og
öðrum fjörhörðum skák-
brókum hér, hefir það á
sumum undanförnum
árum átt samkallaði
gullöld að fagna, bæði
fyrir skáklistir sínar
og skáldskap. Eftir
burtför Jónasar héðan
af staðnum dofnaði
mikið yfir starfsþrótti
og fjöri félagsins, þar til
í vetur að skákmeistari
Sig. Dav. reif það upp á
hugunum stertinum og
egndi til skákþrautar
við Reykjaskóla. Varð
viðureign sú bæði hörð,
löng og stríð, og lauk
loks með þeim dular-
fulla og sorglega hætti
fyrir okkur, að skólin-
vann flestar skákirnar,
þar með talin Sigurðar
skák líka og eftir þetta
ólagaríka áfall dubbuðu
félagsmenn sig upp og
kölluðu saman fund.
Á þeim fundi var kosin
þriggja manna stjórn
og í hana valdir ein-
hverjir þeir harðsvíruð-
ustu brókar, sem fyrir-
fundust hér á staðnum.
Vil eg nú spá að héreftir
verði torsóttur sigur í hendur
Skákfélags Hvammstanga og
mun því Reykjaskóla og
öðrum stationum óhætt
að punga töfl sín.

Verkamannafélagið, þrótt
hefir starfað hér um nokkur
ár og starfar enn staðnum
og héraðinu til gagns og
gleði. Aðalatriðið á stefnu-
skrá þess segir fjöldinn
vera kröfur um hækk-
andi kaup án tillits til
verðlags á framleiðsluvör-
um landsmanna. Ekki
veit eg sannindi þessa
máls, en til er gamalt
orðtaki sem segir að
sjaldan ljúgi almanna-
rómur. Þá er mér einnig
sagt að félag þetta hafi

á stefnuskrá sinni, tilraunir um breytt skipulag í öllum greinum og rekum allt frá barnsgetnaði til andláts, sagt er að sumum gangi hálfilla að fylgjast með nýbreytni þessari, en og er fyrir mitt leyti að vonast eftir eftir að þetta geti smátt og smátt lagast í þjóðinni svona, eins og gamla fólkið sagði um illa þjónaðan sokk hjá viðvaning. Engum vafa virðist það bundið að starfsemi félags þessa mun í framtíðinni aukast og margfaldast, því það þykir fullsannað, að sumt af sæði foringjanna hefir fallið í góða jörð, þó grýtt sé með blettum. Þá þykjast einnig einnig getspakir menn sem lengst hafa rekið Felixarnef sín undir fortjald framtíðarinnar sjá næstu kynslóð sína og vindhana á bæjarburst. Snýst þá hver um annan þveran eftir því úr hverjum vindurinn stendur í það og það skiftið, þá mun verða gert sú krafa til allra þeirra sem vilja heita íslenskir alþýðumenn að þeir rekji ættir sínar til Guðmundar sála gegnumtrekks og Guðrúnar Trekkvindsdóttur og verður þá varla annað hægt að segja en að gott skipulag sé á ættartölum Íslendinga.

Meira.

## Fyrirspurn svarað.

Í síðasta tölublaði Ökuþórs beinir Keli til mín fyrirspurn og æskir þess að fá skýrða merkingu orðsins „ryðkláfur“ er kom fyrir í grein minni „Síðir og gengið“.

Til að þóknast hinum skilningstrega Kela skal eg nú gera tilraun til að koma honum á réttan kjöl um þýðingu þessa mikilvæga orðs. —

Eg vil þó taka það fram strax, að orð þetta notaði eg innan gæsalappa en vel má vera að Keli



viti ekki hvað þær merkja og getur hann þá spurt um það í næsta blaði. — Orðið ryðkláfur er að mínu áliti alíslenskt og alls ekki þungskilið og ætti því ekki að þurfa skýringar með. —

Það er samsett orð. — Við þekkjum það allir, að vélar, sem standa ónotaðar tapa sínum eðlilega málmlit og er þá sagt að þær séu ryðgaðar eða ryðfallnar. Sama mætti segja um sálargáfur Kela, að þær væru ryðfallnar eða jafnvel ryðbrunnar, honum til tjóns og meðbræðrum hans til leiðinda, en hvort það stafar af notkunarleysi eða einhverju öðru, kann eg ekki að dæma um. Orðið kláfur eða kláfar kannast flestir við það er heiti á áhöldum er höfð voru til þess að flytja í „skarn á hóla“ eins og segir í einni fornsögu okkar. En á seinni árum hafa hestvagnar rutt þeim burtu.

Eg geri samt ráð fyrir að Keli hafi séð þessi áhöld og jafnvel notað og hafi fyrir þá sök ekki þurft að spyrja. Nei, það var annað, sem hann þurfti að koma fram að: Hann segir að grein mín hafi öll verið „gátslitin“ líkt og orð þetta er hann spyr um.

Út af því vil eg leyfa mér að benda þessum mikilmennskufulla oflátung á, að þá hefði verið innan handar ~~að~~ fyrir hann að taka einhver atriði hennar og tæta þau í sundur með rökum og skýrum dæmum, að þar væri engan sannleik að hafa og því síður skynsamleg orð.

En hann kaus hina leiðina að fleyta sér á „ryðkláfnum“ til vegs og virðingar og get ekki betur gert að síðustu en að óska þessum ryðkláf stjórnarinnar til hamingju með

valið.

Guðm. Gunnarsson

# Andsvar

frá Kela.

Framanritað svar var mér leyft að sjá í kvöld áður en það var lesið upp. Læt eg því fylgja nokkur orð þó tími sé naumur.

Eg skal játa á mig það álit G.G. að eg er fremur skilningstregur en jafnframt því er eg fús að afla mér vitneskju um þá hluti sýnist er eg þekki lítt, og þá sérstakl. um þau orð hverra merking er óviss eða kann að leika á tveimur tveim.

G.G. segist taka það strax fram að hann noti „nýðklafur" innan gæsalappa. Það gerði eg líka svo að þar sýnist mér við jafnir. Og auðvitað skiftir það engu máli hvort hann gerði það eða ekki. Hann efast um að eg viti hvað gæsalappir merkja og vill að eg spyrji um það. Sjáum þá til.

Gæsalappir eru öðru nafni kallaðar tilvitnunarmerki og eru notaðar þegar eitthvað er skrifað eða prentað upp eftir öðru orðrétt. Líka eru þau stundum notuð við orð sem eru málleysa eða þá alútlend orð.

Nú segir G.G. að orðið nýðklafur sé alíslenskt orð, svo ekki notar hann merkið af því að það sé slettá. Þá liggur beint við að álykta, að það sé tekið annarstaðar frá sem það auðv. er, en af þeirri ástæðu einni var tæpast þörf á að hafa það innan gæsalappa.

Nú eru gæsalappir líka stundum notaðar við nafnorð og lýsingarorð í n. k. háði og er þá orðið, sem um ræðir n. k. öfugmæli. Skal eg þessu til skýringar minna á að s. l. vor var hér piltur einn á ferð í stjórnmálaerindum. Auglýsti þá G.G. fund í Sjálfstæðisfélagi Vestur-



Húnavatnssýslu þar sem piltur þessi ætlaði að tala. Skrifaði G.G. á auglýsinguna að allir „sjálfstæðismenn" væru velkomnir á fundinn og hafði orðið sjálfstæðismenn innan gæsalappa. Mér heyrðist ýmsum koma vel saman um að þarna ætti það vel við. – Eg þarf ekki að spyrja um hvað gæsalappir tákna, en vel mætti spyrja: Hvað meinar G.G. með gæsalöppunum?

Það skiftir því ekki miklu þó hann setti nýðklafann á gæsalappir. Hann hefði vel mátt hafa alla greinina innan þeirra merkja.

Þá sný eg mér að skýringum G.G. á orðinu nýðklafur.

Orðið er samsett, segir G.G. og ramíslenskt. Eg skal ekki deila um það. Það er víst yngra en svo að það finnist í orðabókunum. En það fannst a. m. k. um tíma og finnst jafnvel enn í blaði einu kannski íslensku og kannske ekki; sem G.G. mun lesa vel og kann það ef til vill að vera nóg ástæða til þess, að hann telur það ramíslenskt.

En þegar G.G. fer að skýra merkingu orðsins segir hann að vélar tapi oft sínum eðlilega málmlit er þær standa ónotaðar. Um hinn eðlilega málmlit véla má deila. Allt getur orðið eðlilegt þegar hin ytri skilyrði eru tekin til greina. Skýringin slitnar þarna í sundur því höf. þarf að gefa í skyn að sálargáfur mínar séu orðnar ryðgaðar. Sennilega hefir hann góðan vilja á að „ryðbanka" mig eins og skipasmíðgerðarmenn segja svo gáfurnar fái aftur sinn eðlilega „málmlit".

Svo heldur G.G. áfram og segir að orðið klafur sé heiti á áhöldum sem notuð hafi verið til að flytja „skarn á völl"

eftir því sem einn fornsagar vor skýri frá.

Ég er ekki svo marglesinn í fornsögunum vorum að eg muni nú í svipinn hver þeirra segir frá þessum áhöldum. En eg þekki vel áhöld sem nefnd eru mykjukláfar og hefi notað þau eins og G. G. býst við. Áhöld þessi voru notuð til að reiða mykju á völl. Þau voru alltaf úr tré. Oft voru ekki einusinni lamirnar úr járni heldur úr ísl. skinni. Eina járnið í kláfunum voru naglarnir sem þeir voru negldir saman með og þeir voru það eina sem gat ryðgað.

Kláfarnir okkar íslensku ryðguðu aldrei og gátu aldrei ryðgað. Orðið „ryðkláfur“ í merkingunni „ryðgaður kláfur“ er því rangt að mínum dómi.

Þá segir G. G. að eg hafi ekki spurt vegna þessa orðs, heldur hafi eg þurft að koma því þarna að“ að grein hans hafi verið „gat-slitin“ eins og þetta orð. Bendir hann á, að innan handar hefði verið fyrir mig að taka einhver atriði greinar sinnar til athugunar og tæta þau sundur með rökum o.s.frv.

Þegar eg heyrði umrædda grein G. G. „Síðir og gengið“ þótti mér hún langt frá því svaraverð. Gerði eg því aðeins fyrirspurn út af orði því sem nú hefir verið rætt um, en gat þó ekki stillt mig um að láta í ljósi álit mitt á ritsmíðinni um leið. Eftir mig þess síst og mun eg taka greinina til rækilegrar athugunar ef eg fengi hana til aflestrar og óskað væri eftir því.

En í þetta sinn er tíminn þrotinn til andsvara. Vil eg að endingu segja að G. G. hefði kannské átt að bíða ögn með að óska mér til hamingju með valið. Hamingja mín kynni að geta orðið þessum „sjálfstæðismanni“ (á gæsalöppum) dálítið óþarfaður en lyki.

Keli.

# „Ó-k-u-þ-ó-r. –

Blað Málfundafjel. á Hvammstanga.

Ritnefnd:
Björn G. Björnsson
Björn Jónsson
Guðm. Gunnarsson

VIII. árg. | Febrúar 1933. | 1. tölublað.

## „Ókuþór kveður.

Töladofinn, lamar lund
létt nú klafa vígs um grund.
Inni í Kofa, hrings hjá hrund
hefi eg sofið langa stund.

Hvíldin góð þar var mjer vær,
vifi rjóðin kvíði fær.
Hringa tróðin þaðist fjær
fríð og óðar hjartað slær.

Rekkja vanur eigi að
árla trana fram neinn bað
til hef flanað aft úr stað
eða bana meyfðan náð.

Ekki lengur frið eg fæ,
fram um vengi hulið snæ
vendir drengur vaða á
var við engan hlýjan blæ.

Hef eg göngu nú á ný
neyddur söngva út úr bý
Fyrri ströngum eyjum í
átti eg löngum vopnagný.

Varga inni upp er öld
ýmsum spinnin syndagjöld
stálanna stappist fjöld
slyttir gunnar margra völd.

Ekkert bjó mjer átta fyr
eyddi eg ró en gladdi styr.
Glatt eg hló í gunnar dyr
glaður sló þá jötnamyr.

Hrifna þráttum forna frú
fyrrum þátti óvaginn
hjörinn óttast margur nú
mannvits gnótt og orðin stinn.

Fríð eg út um víðan völl
víst um líta þjóðin öll,
rek í kútinn risa og tröll,
við þeim hnút er gera spjöll.

Hefja láti stöðvast bið
stíg lif satis, leyfið þið.
piltar, bælið bragnum við
bragni mætum veitið lið. B. J.

# Hugsanir manna.

Til þessa dags hefir verið litið svo á – auðvitað af – eins af mönnunum sjálfum að maðurinn væri æðsta skepna jarðarinnar. —

Ég vildi með línum þessum athuga þetta lítilsháttar. —

En þetta verður að eins byrjun og endir, því rúm blaðsins, tími minn og þekking takmarkar það. —

Ég ætla mjer ei þá dul, að taka þetta frá öðru sjónarmiði en því almenna, því er snýr að oss og meðbræðrum vorum, sjeð í því þekkingarljósi, er alþýðan íslenska yfirleitt hefir átt kost á að afla sjer. —

Er þá fyrst að athuga, hvað það er, er sjerstaklega veitir manninum yfirburði yfir önnur dýr jarðar vorrar.

Vil eg þá benda á hugsun, málfæri og annað það, er leiðir af því, að hann getur hugsað framar dýrunum, og gert sig skiljanlegan öðrum mönnum. – Gæðum þessum hefir mannkynið verið gædd í aldaraðir, —

Í aldaraðir, alt frá byrjun heims hefir það haft tækifæri, til að þróa þessa yfirburði, er því var veitt umfram dýrin, og gert það á ýmsa lund. —

En hvað er nú orðið okkar starf; eins og það stendur, höfum vjer gengið til góðs o. s. frv.

Þetta langar mig til að athuga lítilsháttar. —

Allir og öll könnumst vjer við hið óþreytandi orðagjálfur um menningu og mentun vorra tíma. —

Það skal að vísu viðurkent að stórstígar hafa þær verið breytingarnar á flestum sviðum á þessum síðustu tímum og margar sjálfsagt til bóta, en jafnframt því að maðurinn hefir þannig á ýmsa lund bætt aðstöðu eftirkomandi kynslóða, hefir hann notað hugsanir sínar og gáfur, til að finna upp og meðhöndla alskonar vjelar og eiturtegundir, til að geta bruggað meðbræðrum sínum og sjálfum, sem skjótust banaráð, ef eitthvað ber út af í sambúðinni. —

Jafnvel í fámenninu hjá oss og fátæktinni, þar sem eigi eru tök á að hlaða um sig hervirkjum nútímans, þá er gripið til þess að nota handaflið, og ekki skirst við, að beita alsaklausa menn til óbóta, fyrir þá einu ástæðu, að þeir hafa verið útnefndir til að gæta laga landsins. —

Slík er menning nútímans. —

Þetta erum vjer komnir áleiðis í þróun anda vors og hugsana. — Enn þann dag í dag berumst vjer á banaspjótum, enn þann dag í dag hlýfast ýmsir þegnar þjóðfjelagsins og þjóðfjelagarnir, eigi við, að koma fram, sem villidýr, gerandi sjer og öðrum þá mestu bölvun, og þjóðfjelagi sínu skömm og skaða.

Eru nú hugsanir og framkvæmdir slíkra einstaklinga og heilla þjóðfjelaga, takandi til eftirbreytni? Nei, jafnvel dýrin myndu fyrirverða sig fyrir, að feta í fótspor þeirra. —

II.

Ég vil nú taka þetta dálítið frá annari hlið, og leggja fyrir mig spurninguna, hvers virði eru yfirleitt hugsanir manna?

Eins og vjer vitum, þá er talið, að engir tveir einstaklingar sjeu eins að útliti, og geri eg ráð fyrir, að hið sama gildi, um hugsanalíf þeirra. — Hugsanir manna og gildi þeirra fyrir aðra, er og verður því mjög mismunandi. —

Vjer getum dáðst að vísindamönnunum og uppfyndingamönnunum, en vjer verðum jafnframt að viðurkenna, að sumt af þeirra vísdómi, hefði jafnvel aldrei átt fram í dagsljósið að koma. Það, sem á einn eður annan hátt, leiðir til bölvunar bornum og óbornum, hefði betur kyrt legið, en í birtu borið.

Mitt álit er, að mannskepnunum hafi verið gefið of mikið vit, af víðfeðmri hugsun, eður oflítil samúð og bræðralag. —

Það getur og verið að vjer leggjum of mikið kapp á að þroska sálargáfur vorar í vissa átt, en athugum ekki jafnframt, að það gagnar lítt, að lyfta bróður vorum upp úr vatninu, er honum liggur við drukknun, en

sleppa honum síðan. —

„Sælir eru einfaldir", og það hygg eg, að ef vjer viljum finna hamingju-saman mann, þá verði helst að leita hans, meðal hinna einfaldari mann-skepna. —

Fyrirgefið fjelagar, þessar hugsanasnauðu línur, hugsana-snauðs manns, er í hugsana-leysi hjelt að hugsanir hans, væru þess virði að verða umhugsaðar, á hugsanabrautinni fjöldans.

m/ Hrímbogi.

## Helgidagahald.

Það var sunnudagur á sjó og landi. — Blessað sumarveður. — Stafalogn á firðinum og sólin skein í heiði. — Fólkið streymdi til kirkjunnar, til að sýna sig og sjá aðra, og hlusta á guðs orð. —

Út eftir aðalgötu bæjarins gekk einn af lausamönnunum, Grímur að nafni. — Við einn útstiginn, mætti hann Geira fjelaga sínum. „Sæll og blessaður Geiri", segir Grímur, „eigum við að bregða okkur í kirkju í dag?" „Í kirkju?" „Nei, nei blessaður vertu það væri eitthvað nær að skreppa fram á sjó". —

„Hvað eigum við að gera fram á sjó núna, og það á sjálfan sunnudaginn?" „Við róum dálítinn spotta okkur til skemtunar. — Það er meiri hressing í því, en kirkjusetan. Svo getum við haft með okkar færi ef við viljum, og dregið fáeinar þorskkindur. — Það er þó altaf gaman".

„Jeg held það væri rjett að lofa þorskgreyjunum að vera í friði þennan sunnudaginn. —

Annars er mjer sama þó eg komi með þjer snöggvast. En eg þarf að bregða mjer heim og fá mjer önnur föt og stígvjel."

Stundu síðar hittust þeir á bryggjunni. — Bátnum var ýtt út. — Í hvers nafni var ekki nefnt. Friður og kyrð var yfir öllu. Það var lítið talað fyrstu áratogin. — Alt í einu rak Grímur augun í hyssu í bátnum. „Hvað er þetta?" hrópaði hann. „Ertu með þetta morðtól með þjer núna?" „Ó já, mjer fanst endilega og þurfa að hafa hólkgarminn með". Það getur skeð að við komumst í færi við sel, og þá væri leiðinlegt, að hafa ekkert í höndunum".

„Þú ætlar þó ekki að fara að skjóta sel, nú á sunnudag, og það um sjálfan messutímann".

„Það er þó deginum lengra lífið hans, heldur en ef eg hefði skotið hann í gær. — En blessaður hafðu nú augun hjá þjer, og segðu til, ef Kobbi er í nánd".

Innar á firðinum mókti selur. — Alt í einu hrökk hann upp úr sælukenda draumamóki. — Hvaða gauragangur var að raska ró hans. — Ó, jú, það voru áraskellir. — Það brikti í súðinni og marraði í keip. — „Hvað er nú þetta" segir Kobbi við sjálfan sig. „Ekki nema það þó, bátur á ferðinni, á sunnudag. Svona eru þessi tvífættu villidýr. Aldrei getur maður haft frið fyrir þeim. Sí og æ eru þau að ónáða mann. Það er þó vonandi, að þau sjeu ekki, með eldpípuna með sjer núna. — Eg ætla að móka hjer, meðan þau fara fram hjá".

Skyndilega sást blossi. Snöggur hvellur rauf kyrðina, og rak burtu allan frið og ró. — Eitthvað með leifturhraða smaug inn í búk selsins, og tætti sundur húð og hold. — Selurinn tók snöggt viðbragð og stakk sjer. Sjórinn blandaðist blóði. „Þarna fór hann", sagði Grímur. En það er ekki sá fyrsti. — Þannig hafa þeir flestir farið hjá þjer. — Þú hefir vart þá og sjeð á eftir þeim".

Það var haldið til lands og bátnum settur upp. — Færin lágu óhreyfð í skutnum. — Fólkið kom frá kirkjunni, með frið og ró í sálu sinni.

En fram á firðinum synti selurinn eins og orkan leyfði og stefndi á haf út. — Blóðrennslið og sviðinn í sárinu, ljetu hann hvergi fá frið. —

Smámsaman þverruðu

og fróðleiksbrunnur út-
varpið er, því vafalítið
er, að það hefir á að
skipa mörgum slíkum
sveinum, utan þings og
innan, ef vel er leitað, og
vel borgað fyrir það, sem
í tje er látið. —

Kaupið móttökutæki!
Þá fyrst fræðist þið lif,
hlýtar, um það, hvað þið
eigið og hvað þið eigið
ekki, en slíkt er mjög
mikils virði á þessari
jafnrjettis- og jafnaðar-
öld. —

Húnbogi.

Okurþór.

Vaknaður úr rotinu
reyni' eg gígjustrengi.
Í kommúnista kotinu
kúrði' eg rótt og lengi.

Mjer er ekki um málið gefið
má þó lif að reyna.
Endursögn af útvarpsfrjett
ítrum vil eg greina.

Nú er af, sem áður var
alt fer það að vonum
Alþingi það afneitar
einkarjetti á konum.

Sveinn í Felli sagði frá
– samfagna jeg konum –
jafnrjetti sje orðið á
öllum landsins konum.

Á því Hneykslast enginn má
eftir heimildonum,
þótt og lengi hýrist hjá
Völku og fleiri konum.

Fárinn.

Útdráttur
úr útvarpsræðu Ól. Friðrikss.
— " —

Einar Hörður sést með sama
sócialismann stýður. —
Þá þarf ekki saltaram
sjálfur kemst hann niður. —

Fárinn.

— " —